

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/22/01	Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um birtingu, í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins, titla á drögum að tæknilegum reglugerðum er EFTA-ríkin sem eru aðilar að EES-samningnum hafa tilkynnt í samræmi við gerðina sem vísað er til í 1. lið XIX. þáttar II. viðauka við EES-samninginn sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða01
94/EES/22/02	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn - Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum02
94/EES/22/03	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 6. apríl 1994 um útgáfu þriggja auglýsinga á sviði samkeppni03
	1. Viðauki: Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um mat hennar á fyrirtækjum um sameiginleg verkefni í samstarfstillgangi á grundvelli 53. gr. EES-samningsins04
	2. Viðauki: Auglýsing frá eftirlitsstofnun EFTA um breytingu á auglýsingu um gerðirnar sem vísað er til í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983) um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup16

3. Viðauki: Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um nánari útlistun á starfsemi milliliða fyrir vélknúin ökutæki	17
--	----

3. EFTA-dómstóllinn

94/EES/22/04	Beiðni um ráðgefandi álit, send samkvæmt ákvörðun tullilautakunta þann 19. apríl 1994, vegna meðferðar máls sem skotið var til nefndarinnar af Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark vegna ákvörðunar Helsingin piiritullikamari (Mál E-1/94)	19
94/EES/22/05	Mál höfðað þann 28. apríl 1994 af Scottish Salmon Growers Association Limited (SSGA) gegn eftirlitsstofnun EFTA (Mál E-2/94)	19

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/22/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.486 - Holdercim/Origny-Desvroise)	20
94/EES/22/07	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum	20
94/EES/22/08	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	21

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um birtingu, 94/EES/22/01
í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins,
títla á drögum að tæknilegum reglugerðum er EFTA-ríkin sem eru aðilar að EES-
samningnum hafa tilkynnt í samræmi við gerðina sem vísað er til í 1. lið XIX. þáttar II.
viðauka við EES-samninginn sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna
tæknilegra staðla og reglugerða (tilskipun ráðsins 83/189/EBE,
hér á eftir nefnd tilskipun 83/189/EBE)**

Tilskipun 83/189/EBE setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða þar sem hverju EFTA-ríki sem er aðili að EES-samningnum er sérstaklega gert að senda drög að tæknilegum reglugerðum, eins og þær eru skilgreindar í ofangreindri gerð, um iðnaðarvörur, landbúnaðarvörur, matvæli, lyf og snyrtivörur til eftirlitsstofnunar EFTA sem sendir þær áfram til allra hinna EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB.

Gerðin sem vísað er til í 6. lið XIX. þáttar II. viðauka við EES-samninginn fjallar um að ekki beri að fara að tilteknum ákvæðum tilskipunar 83/189/EBE, einkum kröfunni um að tilkynna drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem falla undir reglur um tilhögun upplýsingaskipta hér að framan.

Í því augnamiði að vekja athygli evrópskra atvinnuvega á drögum að innlendum tæknilegum reglugerðum hefur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að birta skrá yfir tilkynningar, sem borist hafa, í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir hér með öllum hlutaðeigandi aðilum að hún áætlað að koma þessari ákvörðun til framkvæmda frá og með ágúst 1994. Skráin verður birt vikulega í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Birtar upplýsingar samanstanda af skráarnúmeri (ár, númer, EFTA-upprunaríki), verkefnaheiti og dagsetningu þegar þriggja mánaða stöðvunartímabilinu, sem eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin hafa til að koma athugasemdum sínum á framfæri, lýkur (1. mgr. 9. gr. tilskipunar 83/189/EBE).

Eftirlitsstofnun EFTA telur að birting skrárinnar styrki enn frekar kerfið sem komið var á með reglum um tilhögun upplýsingaskipta í tilskipun 83/189/EBE til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir séu settar.

Einstaklingar eða aðilar í atvinnurekstri, sem innlend tæknileg reglugerð varðandi EES gildir um, geta gengið úr skugga um að hún hafi verið samþykkt í samræmi við gildandi reglur eða, ef

svó er ekki, dregið viðeigandi ályktanir af gerðinni sem vísað er til í annarri málsgrein hér að framan.

Einstaklingar eða aðilar í atvinnurekstri sem hafa áhuga á drögum sem tilkynnt hefur verið um og óska eftir frekari upplýsingum geta einnig haft samband við stjórnsýsludeildir sem eru ábyrgar fyrir reglum um tilhögun upplýsingaskipta í hverju EFTA-ríki sem er aðili að EES-samningnum.

Þær eru eftirfarandi:

AUSTURRÍKI

Bundesministerium für Wirtschaftliche
Angelegenheiten
Abteilung I/A/4
Stubenring 1
A-1011 Wien

FINNLAND

Kauppa-ja teollisuusministeriö
Kauppaosasto
Aleksanterinkatu 4
FIN-00170 Helsinki

ÍSLAND

Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
IS-150 Reykjavík

NOREGUR

Utenriksdepartementet
Utenriks økonomisk avdeling I, seksjon II
Box 8114 Dep.
N-0032 Oslo 1

SVÍPJÓÐ

Kommerskollegium
U3/TBT
Box 1209
S-111 82 Stockholm

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um
eftirlitsstofnunina og dómstólinn**

94/EES/22/02

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	3.6.1994	3. mgr. 61. gr. (íbúahlutfall: 2,99%, 26,43% og 2,27%); 30 og 40% af hreinu styrkjajafnvirði svæða a-liðar 3. mgr. 61. gr. (Burgenland - íbúahlutfall: 3,47%)
EFTA-ríki:	Finnland	
Aðstoð nr.:	94-004	
Titill:	Tímabundin styrkjaáætlun vegna iðnaðarfjárfestingar	
Markmið:	Að hvetja lítill og meðalstór fyrirtæki til að fjárfesta	Gildistími:
Lagalegur grunnur:	<i>Laki teollisten investointien väliaikaisesta investointituesta 1994 vp - HE 6</i>	31.12.1998
Fjárveiting:	170 milljónir FIM	Skilyrði:
Styrkleiki aðstoðar:	7%	-
Gildistími:	1994	
Skilyrði:		
Ákvörðunin var samþykkt þann:	8.6.1994	
EFTA-ríki:	Svíþjóð	
Aðstoð nr.:	94-006	
Titill:	Styrkur til lítilla fyrirtækja	
Markmið:	Draga úr atvinnuleysi með því að hvetja til fjárfestingarverkefna lítilla fyrirtækja	
Lagalegur grunnur:	Ríkisfjárlög fyrir fjárhagsárið 1994/95, „Regeringens proposition 1993/94:140” og „Förordning om tillfälligt småföretagsstöd”.	
Tegund aðstoðar:	Styrkir	
Þiggjendur:	Lítill fyrirtæki sem eru skilgreind í samræmi við reglurnar um aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki. Greinar sem eru háðar sérstökum atvinnugreina-reglum eru útilokaðar frá áætluninni.	
Fjárveiting:	engin fjárveiting sem er úthlutað beint til svæða sem kortið nær yfir	Fjárveiting:
Styrkleiki aðstoðar:	15, 20 og 25% af hreinu styrkjajafnvirði svæða c-liðar	SEK 800 milljónir
		Styrkleiki aðstoðar:
		Allt að 15% (brúttó)
		Gildistími:
		1. júlí 1994 til 30. júní 1995
		Skilyrði:
		Einfölduð ársskýrsla

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA
nr. 21/94/COL
frá 6. apríl 1994
um útgáfu þriggja auglýsinga á sviði samkeppni

94/EES/22/03

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið⁽¹⁾,

með hliðsjón af b-lið, 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 25. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórn EB hefur samþykkt þrjár auglýsingar sem varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Nauðsynlegt er að leiðbeina fyrirtækjum með því að tilgreina þær meginreglur sem eftirlitsstofnun EFTA fer eftir þegar 53. til 60. gr. EES-samningsins er beitt í ákveðnu tilviki í þeim tilgangi að tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Eftirlitsstofnun EFTA gefur út eftirfarandi auglýsingar sem fylgja þessari ákvörðun sem 1. til 3. viðauki.
 - Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um mat á sameiginlegum verkefnum í samstarfstilgangi á grundvelli 53. gr. EES-samningsins
 - Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um breytingu á auglýsingu varðandi gerðirnar sem vísað er til í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup
 - Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um nánari útlistun á starfsemi milliliða fyrir vélknúin ökutæki.
2. Auglýsingar þessar teljast fullgildar á ensku og verða birtar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. apríl 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Nic Grönvall
starfandi forseti

(¹) Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

(²) Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

1. viðauki

Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um mat hennar á fyrirtækjum um sameiginleg verkefni í samstarfstilgangi á grundvelli 53. gr. EES-samningsins

- A. Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn).
- B. Framkvæmdastjórnin gaf út auglýsingu um mat á fyrirtækjum um sameiginleg samstarfsverkefni á grundvelli 85. gr. EBE-sáttmálans (Stjtíð. EB nr. 43, 16.2.1993, bls. 2). Í þessari gerð, sem er ekki bindandi, er að finna meginreglur sem framkvæmdastjórnin fer eftir í samkeppnismálum.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að framannefnd gerð varði EES. Til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja samræmda beitingu á samkeppnisreglum EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu samþykkir eftirlitsstofnun EFTA þessa auglýsingu í krafti þeirrar heimildar sem hún hefur samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Hún hefur í hyggju að fara eftir meginreglunum sem eru settar í þessari auglýsingu þegar hún beitir viðeigandi EES-samkeppnisreglum í ákveðnu tilviki.

I. INNGANGUR

1. Í fyrirtækjum um sameiginleg verkefni (SV-fyrirtæki), eins og um getur í þessari auglýsingu, felst samstarf milli fyrirtækja í sérstakri viðurkenndri mynd. Það er alhliða tæki sem móðurfyrirtæki geta beitt í ólíkum tilgangi og til að ná mismunandi markmiðum.
2. Unnt er að byggja samstarf á öllum sviðum viðskipta á grundvelli SV-fyrirtækja og innan ramma þeirra. Meðal annars geta þau komið til álita við öflun og vinnslu gagna, skipulagningu starfskerfa og vinnuáðferða, skatta- og viðskiptaráðgjöf, skipulagningu fjárfestinga og fjármögnun þeirra, framkvæmd rannsókna- og þróunarvinnu, öflun og veitingu nýtleifa vegna hugverkaréttar, útvegum hráefnis eða hálfunninna framleiðsluvara, framleiðslu vara, veitingu þjónustu, auglýsingu, dreifingu og þjónustu við viðskiptamenn.
3. SV-fyrirtæki geta annast eitt eða fleiri framangreind verkefni. Starfsemi þeirra getur verið tímabundin eða ótímabundin. Því víðari og varanlegri samstarfsgrundvöllur, því meiri áhrif hefur hann á viðskiptastefnu móðurfyrirtækjanna gagnvert hvert öðru og þriðja aðila. Taki SV-fyrirtæki til markaðsmála, eins og innkaupa,

framleiðslu og sölu vara eða þjónustu leiðir það að jafnaði til samræmingar samkeppnisaðgerða móðurfyrirtækjanna, jafnvel til sömu aðgerða, á því ákveðna viðskiptastigi. Þetta á einkum við þegar SV-fyrirtæki gegnir sama hlutverki og hefðbundin fyrirtæki og kemur þar af leiðandi fram á markaðinum eins og um sjálfstæðan birgi eða kaupanda væri að ræða. Með því að stofna SV-fyrirtæki, sem sameinar að einhverju eða öllu leyti núverandi starfsemi móðurfyrirtækja á tilteknu sviði viðskipta eða tekur yfir nýja starfsemi í þágu þeirra, verður breyting á uppbyggingu viðkomandi samstarfsfyrirtækja.

4. Mat á SV-fyrirtækjum í samstarfstilgangi á grundvelli 1. og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er óháð félagsforminu sem móðurfyrirtækin velja samstarfinu. Hvort banna skuli samkeppnishömlur fer hins vegar eftir því hvort stofnun eða starfsemi SV-fyrirtækis geti haft áhrif á vöruviðskipti milli samningsaðila og miði að því að útiloka, hamla eða raska samkeppni á samningssvæði EES eða geti leitt til þess. Hvort veita megi undanþágu vegna SV-fyrirtækis fer annars vegar eftir þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur á efnahagskerfið í heild og hins vegar eðli og umfangi þeirra samkeppnishamla sem það hefur í för með sér.
5. Með tilliti til hinna margvíslegu aðstæðna sem koma til álita er ógerningur að kveða upp úr um það hvenær SV-fyrirtæki samræmast samkeppnislögum. Hvort SV-fyrirtæki falla undir gildissvið 53. gr. EES-samningsins eða ekki ræðst í flestum tilvikum af starfsemi þeirra hverju sinni⁽¹⁾. Í öðrum tilvikum kemur bann við SV-fyrirtækjum einungis til með að gilda ef tiltekna lagalegar og raunverulegar aðstæður koma upp samtímis sem skera verður úr um í hverju tilviki fyrir sig⁽²⁾. Undanþágur frá banninu eru veittar á grundvelli úttektar á þýðingu samstarfsins fyrir efnahagskerfið í heild, sem gæti leitt til ólíkra niðurstaðna⁽³⁾. Þó má skipta SV-fyrirtækjum í samstarfstilgangi í mismunandi flokka og beita sömu aðferð gagnvart öllum við úttekt á stöðu þeirra gagnvart samkeppnislögum.
6. Í auglýsingu eftirlitsstofnunar EFTA um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði samstarfs milli fyrirtækja⁽⁴⁾, tiltók eftirlitsstofnun EFTA nokkrar tegundir samstarfs milli fyrirtækja sem bannið tekur ekki til vegna eðlis þess og vegna þess að þau hvorki miða að því að takmarka samkeppni eða hafa áhrif á hana í skilningi 1. mgr. 53. gr. í EES-samningnum. Í auglýsingu eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga⁽⁵⁾ eru sett magnbundin skilyrði fyrir þær ráðstafanir sem bannið

tekur ekki til vegna þess að þær hafa ekki *teljandi* áhrif á samkeppni eða milliríkjaviðskipti. Báðar auglýsingarnar gilda um SV-fyrirtæki. Í gerðunum sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart samningum um sérhæfingu⁽⁶⁾, rannsóknir og þróun⁽⁷⁾, nytjaleyfissamningum um einkaleyfi⁽⁸⁾ og nytjaleyfissamningum um kunnáttu⁽⁹⁾, eru SV-fyrirtæki talin upp meðal þeirra fyrirtækja sem njóta góðs af þessari hópundanþágu⁽¹⁰⁾. Frekari almennar upplýsingar um mat á SV-fyrirtækjum í samstarfstilgangi, vegna stöðu þeirra gagnvart samkeppnislögum, er að finna í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem hafa verið gefnar út í einstökum tilvikum. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna sem framkvæmdastjórn EB beitir í ákvörðunum sem vitnað er til í þessari auglýsingu.

7. Með þessari auglýsingu upplýsir eftirlitsstofnun EFTA fyrirtæki bæði um lagalegar og efnahagslegar forsendur sem hún leggur til grundvallar við síðari beitingu á 1. og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart SV-fyrirtækjum í samstarfstilgangi. Þessi auglýsing gildir um öll SV-fyrirtæki sem falla ekki undir gildissvið 3. gr. gerðarinnar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn⁽¹¹⁾. Hún samsvarar auglýsingunni um samfylkingar og samstarfsrekstur⁽¹²⁾ og auglýsingunni um viðbótartakmarkanir gagnvart samfylkingum⁽¹³⁾ sem skýra framangreinda gerð nánar. Í þessari auglýsingu verður ekki fjallað um tengsl milli annarra fyrirtækja en SV-fyrirtækja jafnvel þó þau hafi oft sambærileg áhrif á samkeppni á samningssvæði EES og á viðskipti milli samningsaðila.
8. Þessi auglýsing er með fyrirvara um vald innlendra dómstóla í EFTA-ríkjunum til að beita 1. mgr. 53. gr. og hópundanþágum samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins á grundvelli eigin lögsögu. Innlendir dómstólar geta þó tekið tillit til hennar þegar þeir úrskurða í málum. Auglýsingin er einnig með fyrirvara um hugsanlega túlkun EFTA-dómstólsins.

II. HUGTAKIÐ FYRIRTÆKI UM SAMEIGINLEG VERKEFNI Í SAMSTARFSTILGANGI

9. Hægt er að skilgreina hugtakið fyrirtæki um sameiginleg verkefni í samstarfstilgangi út frá gerðinni um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn⁽¹⁴⁾. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. er SV-fyrirtæki fyrirtæki undir sameiginlegum yfirráðum nokkurra annarra fyrirtækja, móðurfyrirtækjanna. Yfirráð þeirra fela í sér, samkvæmt 3. mgr. 3. gr., möguleika á að hafa afgerandi áhrif á starfsemi fyrirtækisins. Hvort um sameiginleg yfirráð er að ræða, sem er forsendan fyrir SV-fyrirtæki, fer eftir lagalegum og raunverulegum aðstæðum í hverju tilviki. Nánar er kveðið á um þessi mál í auglýsingu eftirlitsstofnunar EFTA um samfylkingar- og samstarfsrekstur⁽¹⁵⁾.

10. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. framangreindrar gerðar hafa öll SV-fyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrði um samfylkingu samstarfstilgang. Samkvæmt 2. undirgrein á þetta við um:
- öll SV-fyrirtæki sem ekki er ætlað að vera til frambúðar, einkum þar sem móðurfyrirtækin ætla þeim fyrirfram skamman tíma,
 - SV-fyrirtæki sem starfa ekki að öllu leyti sem sjálfstæð efnahagseining, einkum ef móðurfyrirtækin gera ráð fyrir að þau gegni einungis tilteknum hlutverkum fyrirtækis (SV-fyrirtæki með takmarkað hlutverk),
 - SV-fyrirtæki sem starfa sem aðgreind efnahagseining (SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur) þegar þau leiða til þess að móðurfyrirtæki samræmi samkeppnis-aðgerðir innbyrðis eða milli sín og SV-fyrirtækis.

⁽¹⁾ Sjá 15. tölul. 1. mgr. III. kafla hér á eftir.

⁽²⁾ Sjá 17. og 32. tölul. og áfram í 2. og 3. mgr. III. kafla hér á eftir.

⁽³⁾ Sjá 43. og 52. tölul. og áfram í 1. og 2. mgr. IV. kafla hér á eftir.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15, 18.6.1994, bls.24.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15, 18.6.1994, bls.31.

⁽⁶⁾ 6. liður XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 417/85 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 151/93).

⁽⁷⁾ 7. liður XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 418/85 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 151/93).

⁽⁸⁾ 5. liður XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 2349/85 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 151/93).

⁽⁹⁾ 9. liður XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 556/89 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 151/93).

⁽¹⁰⁾ Sjá 43. tölul. og áfram í 1. mgr. IV. kafla hér á eftir.

⁽¹¹⁾ 1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 4064/89).

⁽¹²⁾ Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15, 18.6.1994, bls.6.

⁽¹³⁾ Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15, 18.6.1994, bls.2. .

⁽¹⁴⁾ Vitnað til í 11. neðanmálsgrein.

⁽¹⁵⁾ Vitnað til í 12. neðanmálsgrein; sjá 6. til 14. lið.

Í einstökum tilvikum getur verið erfitt að greina á milli samstarfs- og samfylkingarekstur. Í framangreindri auglýsingu eru nákvæmar upplýsingar⁽¹⁾ um hvernig leysa megi þennan vanda.⁽²⁾

11. SV-fyrirtæki í samstarfstilgangi heyra ekki undir gildissvið ákvæða um eftirlit með samruna. Ákvörðun um hvort SV-fyrirtæki telst rekstur á samstarfsgrundvelli eða ekki hefur þó engin efnisleg réttaráhrif. Hún þýðir einungis að málsmeðferðirnar í II., VI., IX. og XI. kafla í bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls gilda um SV-fyrirtæki þegar ákvarðað er hvort það samræmist 1. og 3. mgr. 53. gr.

III. MAT Á GRUNDEVILLI 53. GR. EES-SAMNINGSINS

1. Almennar athugasemdir

12. SV-fyrirtæki falla einungis undir bann við einokunarhringjum ef þau uppfylla öll skilyrði samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
13. Oftast er SV-fyrirtæki stofnað með samningi milli fyrirtækja, en stundum með ákvörðun samtaka fyrirtækja. Það ræðst yfirleitt af samningi hver hefur yfirráð yfir starfsemi og fer með stjórn hennar. Þegar enginn samningur er fyrir hendi, eins og t.d. þegar ráðandi sameiginleg ítök nást í starfandi félagi með hlutabréfakaupum á hlutabréfamarkaði, fer framhald SV-fyrirtækisins eftir því hvernig móðurfyrirtæki samræma stefnu sína gagnvart því og hvernig þau stjórna því.
14. Einungis er unnt að ákveða hvort framangreindir samningar, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir kunni að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna með því að skoða hvert tilvik fyrir sig. Þegar SV-fyrirtæki hefur í raun einungis áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði eins samningsaðila eða utan samningssvæðis EES eða fyrirsjáanlegt þykir að svo verði, gildir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ekki.
15. Ákvæði 1. mgr. 53. gr. gilda því ekki um tiltekna flokka SV-fyrirtækja vegna þess að þau miða ekki að því að útiloka, hamlar eða raska samkeppni eða leiða til þess. Þetta á einkum við þegar um er að ræða:

- SV-fyrirtæki sem stofnað er af móðurfyrirtækjum sem tilheyra sama hópi og stjórna ekki sjálf samkeppnisaðgerðum sínum. Í slíkum tilvikum gegnir stofnun SV-fyrirtækisins fyrst og fremst hlutverki í tengslum við innra skipulag og verkaskiptingu innan hópsins,
- SV-fyrirtæki sem hefur minniháttar efnahagslega þýðingu í skilningi auglýsingar eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga⁽³⁾; þegar sameiginleg velta samstarfsfyrirtækjanna nemur ekki meira en 200

milljónum evrópskra mynteininga (ECU) og markaðshlutar þeirra fer ekki yfir 5% er ekki um umtalsverðar samkeppnishömlur að ræða,

- SV-fyrirtæki með starfsemi sem hefur ekki áhrif á samkeppni í skilningi auglýsingar eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf fyrirtækja⁽⁴⁾. Samstarf sem þar er getið um hamlar ekki samkeppni vegna þess að:
 - það miðar eingöngu að því að afla upplýsinga sem ekki eru trúnaðarmál og því notaðar við undirbúning sjálfstæðra ákvarðana samstarfsfyrirtækjanna⁽⁵⁾;
 - það miðar eingöngu að samstarfi milli stjórnenda⁽⁶⁾;
 - það miðar eingöngu að samstarfi á sviðum sem liggja utan markaðarins⁽⁷⁾;
 - það snýst eingöngu um tæknileg málefni og skipulag⁽⁸⁾;
 - það felur eingöngu í sér samstarf milli fyrirtækja sem keppa ekki sín á milli⁽⁹⁾;
 - það hvorki takmarkar samkeppnisaðgerðir fyrirtækjanna né hefur áhrif á markaðsaðstöðu þriðja aðila, jafnvel þótt það snúist um samkomulag milli keppinauta⁽¹⁰⁾.

Framangreind einkenni sem eru notuð til að greina á milli athafna sem hamlar samkeppni og þeirra sem hafa ekki áhrif á hana eru ekki fastmótuð heldur munu þróast í samræmi við reglur EES. Því er nauðsynlegt að túlka þau og beita þeim í ljósi úrskurða dómstóls Evrópubandalagsins, EFTA-dómstólsins sem og í ljósi ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA. Þar að auki er heimilt að breyta af og til auglýsingum eftirlitsstofnunar EFTA til að laga þær að þróun löggjafarinnar.

16. Tilheyri SV-fyrirtæki ekki neinum framangreindum flokkum skal það skoðað eitt og sér til að ákveða hvort það miði að því að hamlar samkeppni eða geti leitt til þess. Við slíka skoðun kunna grundvallarreglur auglýsingarinnar að reynast gagnlegar. Hér á eftir verður útskýrt á hvaða forsendum eftirlitsstofnun EFTA metur samkeppnishömlur sem SV-fyrirtæki hefur í för með sér.

2. Forsendur sem liggja að baki staðfestingar þess að um samkeppnishömlur sé að ræða

17. Mat á SV-fyrirtæki á grundvelli samkeppnisreglna tekur til tengsla milli viðkomandi fyrirtækja og áhrifa sem samstarf þeirra hefur á þriðja aðila. Af þessu leiðir að fyrsta verkið er að kanna hvort stofnun eða starfsemi SV-fyrirtækis gæti útilokað, hamlar eða raskað samkeppni milli

móðurfyrirtækja. Því næst ber að kanna hvort sú starfsemi sem um ræðir hafi teljandi áhrif á samkeppnisstöðu þriðja aðila, einkum að því er varðar innkaupa- og sölumöguleika hans. Sérstaks lögfræðilegs mats á tengslunum milli SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækjanna er einungis krafist ef um SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur er að ræða. En jafnvel í slíku tilviki er skylt að taka einnig tillit til sambandsins milli móðurfyrirtækjanna og milli þeirra og þriðja aðila. SV-fyrirtæki getur einungis komið í veg fyrir, hamlað eða raskað samkeppni ef stofnun og starfsemi þess hefur áhrif á samkeppniskeyrni á þeim markaði sem um ræðir. Því verður, þegar meta á SV-fyrirtæki á grundvelli 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að skilgreina við hvaða landfræðilegan markað og framleiðsluvið er átt. Við þessa ákvörðun er farið eftir skilyrðunum sem tilgreind eru í auglýsingunni um samninga sem hafa minniháttar þýðingu⁽¹⁾. Einkum ber að gefa gaum að samstarfsnetum SV-fyrirtækja sem sömu móðurfyrirtæki hafa komið á fót, eitt móðurfyrirtæki með mismunandi samstarfsfyrirtækjum eða ólík móðurfyrirtæki samhliða. Slík net geta myndað mikilvægan kjarna á markaðinum og geta haft úrslitaáhrif á ákvörðun um hvort stofnun SV-fyrirtækis leiðir til samkeppnishamla.

a) *Samkeppni milli móðurfyrirtækja*

18. Samstarf í SV-fyrirtæki getur einungis komið í veg fyrir, hamlað eða raskað samkeppni milli móðurfyrirtækja ef þessi fyrirtæki eru þegar keppinautar eða gætu hugsanlega orðið það. Talið er að fyrirtæki séu hugsanlegir keppinautar ef hvert móðurfyrirtæki gæti eitt sinnt þeim verkefnum sem SV-fyrirtækið á að sinna og það hefur ekki afsalað sér þeim möguleika með því að stofna SV-fyrirtækið. Við athugun á hverju tilviki skal byggja á raunverulegu efnahagslegu mati.

19. Spurningum hefur verið varpað fram þar sem reynt er að skýra hvort fræðilegur eða raunhæfur kostur sé fyrir hendi fyrir móðurfyrirtækin að sinna þessum verkefnum hvert fyrir sig frekar en í samstarfi. Þrátt fyrir að spurningarnar eigi einkum við um vöruframleiðslu má einnig beina þeim til þjónustufyrirtækja. Spurningarnar eru þessar:

- *Framlag til SV-fyrirtækisins*

Hefur hvert móðurfyrirtæki nægjanlegt fjárhagslegt bolmagn til að standa undir áformaðri fjárfestingu? Þýr hvert móðurfyrirtæki yfir nægjanlegri reynslu og þekkingu á stjórnunarsviði til að reka SV-fyrirtækið? Hefur hvert móðurfyrirtæki aðgang að nauðsynlegum aðföngum?

- *Framleiðsla á vegum SV-fyrirtækisins*

Þekkir hvert móðurfyrirtæki þá framleiðslutækni sem um er að ræða? Framleiðir hvert móðurfyrirtæki sjálf þær vörur sem eru á fyrra eða síðara stigi framleiðslu og hefur það aðgang að nauðsynlegri framleiðsluáðstöðu?

- *Sölumál SV-fyrirtækisins*

Er raunveruleg eða fyrirsjáanleg eftirspurn þannig að hvert móðurfyrirtæki gæti framleitt vöruna sjálf? Hefur hvert móðurfyrirtæki aðgang að nauðsynlegu dreifikerfi til að selja þá vöru sem SV-fyrirtæki framleiðir?

- (¹) Sjá 15. til 16. lið.
- (²) Einnig er unnt að fá frekari upplýsingar að fenginni reynslu framkvæmdastjórnar Evróubandalaganna samkvæmt reglugerð nr. 4064/89 (Gerð sem vísað er til í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn). Sjá annars vegar ákvarðanir á grundvelli a-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89; Renault/Volvo, Stjtið. EB nr. C 281, 7.11.1990, bls. 2; Baxter/Nestlé/Salvia, Stjtið. EB nr. C 37, 6.2.1991, bls.11; Apollinaris/Schweppes, Stjtið. EB nr. C 203, 24.6.1991, bls. 14; Elf/Enterprise, Stjtið. EB nr. C 203, 24.7.1991, bls. 24; Sunrise, Stjtið. EB nr. C 18, 31.1.1992, bls. 15; BSN/Nestlé/Cokoladovny, Stjtið. EB nr. C 47, 17.2.1992, bls. 23; Flachglas/Vegla, Stjtið. EB nr. C 120, 12.5.1992, bls. 30; Eureka, Stjtið. EB nr. C 113, 1.5.1992, bls.12; Herba/IRR, Stjtið. EB nr. C 120, 28.4.1992, bls.13; Koipe-Tabacalera/Elosua, Stjtið. EB nr. C 227, 3.9.1992, bls.10; hins vegar ákvarðanir (á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89): Sanofi/Sterling Drugs, Stjtið. EB nr. C 156, 10.6.1991, bls.10; Elf/BC/Cepsa, Stjtið. EB nr. C 172, 18.6.1991, bls.8; Dräger/IBM/HMP, Stjtið. EB nr. C 236, 28.6.1991, bls.6; Thomson/Pilkington, Stjtið. EB nr. C 279, 23.10.1991, bls.19; UAP/Transatlantic/Sun Life, Stjtið. EB nr. C 296, 11.11.1991, bls.12; TNT/GD Net; Lucas/Eaton, Stjtið. EB nr. C 328, 9.12.1991, bls.15; Courtaulds/SNIA, Stjtið. EB nr. C 333, 19.12.1991, bls.16; Volvo/Atlas, Stjtið. EB nr. C 17, 14.1.1992, bls.10; Ericsson/Kolbe, Stjtið. EB nr. C 27, 22.1.1992, bls.14; Spar/Dansk Supermarket, Stjtið. EB nr. C 29, 3.2.1992, bls.18; Generali/BCHA, Stjtið. EB nr. C 107, 28.4.1992, bls. 24; Mondifransschach, Stjtið. EB nr. C 124, 16.5.1992, bls. 19; Eucom/Digital, Stjtið. EB nr. C 140, 18.5.1992, bls.12; Ericsson/Ascom, Stjtið. EB nr. C 201, 8.8.1992, bls. 26; Thomas Cook/LTU/West LB, Stjtið. EB nr. C 199, 6.8.1992, bls.12; Elf-Atochem/Rohm & Haas, Stjtið. EB nr. C 201, 8.8.1992, bls. 27; Rhône-Poulenc/SNIA, Stjtið. EB nr. C 212 18.8.1992, bls. 23; Northern Telecom/Matra Telecommunications, Stjtið. EB nr. C 240, 19.9.1992, bls.15; Avesta/British Steel, NCC/AGA/Axel Johnson, Stjtið. EB nr. C 258, 7.10.1992, bls. 9.
- (³) Vitnað til í 5. neðanmálgrein, bls. 5.
- (⁴) Sjá 4. neðanmálgrein, bls. 4.
- (⁵) Sjá 1. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (⁶) Sjá 2. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (⁷) Sjá 3. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (⁸) Sjá 4. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (⁹) Sjá 5. og 6. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (¹⁰) Sjá 7. og 8. lið II. hluta í auglýsingunni sem um getur hér að framan.
- (¹¹) Vitnað til í 5. neðanmálgrein, bls. 5.

- *Áhættuþættir*
Getur hvert móðurfyrirtæki eitt og sér staðið undir tæknilegri og fjárhagslegri áhættu sem fylgir framleiðslustarfsemi SV-fyrirtækisins?
 - *Aðgangur að þeim markaði sem um er að ræða*
Hvaða landfræðilegur markaður og framleiðslu-markaður skiptir máli? Hvað hindrar markaðsaðgang? Gæti hvert móðurfyrirtæki komist inn á markaðinn af eigin rammleik? Gæti hvert móðurfyrirtæki yfirstigið þær hindranir sem fyrir eru á hæfilega löngum tíma og án of mikillar fyrirhafnar eða kostnaðar?
20. Móðurfyrirtæki SV-fyrirtækis eru hugsanlegir keppinautar ef í ljós kemur, að teknu tilliti til framangreindra atriða sem vega misþungt í mismunandi tilvikum, að ætla má að hvert þeirra geti með góðu móti starfað sjálfstætt. Í því sambandi skal skoða ýmis svið í starfsemi fyrirtækis. Fjárhagslegur þrýstingur á fyrirtækin til að vinna saman að rannsóknum og þróun útilokar að öllu jöfnu ekki möguleikann á samkeppni milli samstarfsfyrirtækja á sviði framleiðslu og dreifingar. Jafnvel sameining framleiðslugetu nokkurra fyrirtækja, þegar ekki verður hjá því komist af efnahagslegum ástæðum og það brýtur þannig ekki í bága við samkeppnislög, leiðir ekki óhjákvæmilega til þess að þau starfi einnig saman við dreifingu umræddra vara.
- b) *Samkeppni milli móðurfyrirtækja og SV-fyrirtækis*
21. Sambandið milli móðurfyrirtækja og SV-fyrirtækis er einkum þýðingarmikið þegar SV-fyrirtækið er með fullan rekstur og keppir við a.m.k. eitt af móðurfyrirtækjunum eða er birgir þess eða viðskiptamaður. Hvort beita megi banninu við einokunarhringjum fer eftir aðstæðum í einstökum tilvikum. Vegna þess að aðgerðir sem draga úr samkeppni milli móðurfyrirtækjanna hafa annars vegar yfirleitt einnig áhrif á viðskiptatengsl milli móðurfyrirtækjanna og SV-fyrirtækisins, og aðgerðir sem draga úr samkeppni milli SV-fyrirtækisins og eins móðurfyrirtækis hafa hins vegar alltaf áhrif á tengsl milli móðurfyrirtækjanna, er nauðsynlegt að fram fari allsherjarúttekt á öllum mismunandi tengslum.
22. Samkeppnishömlur í viðskiptum móðurfyrirtækja og SV-fyrirtækis, í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, koma ævinlega fram í skiptingu markaðssvæða, framleiðslumarkaða (einkum með sérhæfingu) eða viðskiptamanna. Í slíkum tilvikum er einungis unnt að líta á samstarfsfyrirtækin sem hugsanlega keppinauta. Jafnvel þótt þau haldi virkri samkeppni áfram freistast þau yfirleitt til að halda henni í skefjum með því að samræma viðskiptastefnu sína, einkum að því er varðar verð og magn framleiðslu eða sölu eða með því að beita sér vísvitandi ekki af fullum krafti.
- c) *Áhrif SV-fyrirtækisins á stöðu þriðja aðila*
23. Hvort starfsemi SV-fyrirtækis verður til að takmarka starfsemi þriðja aðila er háð því með hvaða hætti hún tengist starfsemi móðurfyrirtækjanna og sameiginlegum styrk umræddra fyrirtækja á markaðinum.
24. Þegar móðurfyrirtæki fela SV-fyrirtæki að sjá um vörukaup sín eða -sölu er hætt við að val birgja eða viðskiptavina takmarkist verulega. Það sama gildir ef móðurfyrirtæki fela SV-fyrirtæki að framleiða vörur á for- eða millistigum framleiðslunnar eða vinna vörur sem þau hafa sjálf framleitt. Stofnun SV-fyrirtækis getur því jafnvel útilokað fyrri birgja móðurfyrirtækjanna og viðskiptamenn frá markaðinum. Sú hætta eykst eftir því sem fyrirtækjum á markaðinum fækkar og vegna sérstöðu eða sérrettinda sem SV-fyrirtæki nýtur hjá móðurfyrirtækjunum og öfugt.
25. Ef fyrirtæki sem þegar ráða miklu á markaðinum sameina krafta sína með því að stofna SV-fyrirtæki getur það jafnvel hindrað aðgang hugsanlegra keppinauta að markaðinum og/eða hindrað velgengni keppinauta móðurfyrirtækjanna.
- d) *Mat á því hvort samkeppnishömlur hafa teljandi áhrif*
26. Hve mikil áhrif SV-fyrirtæki hefur á samkeppni fer eftir ýmsu, mikilvægustu þættirnir eru:
- markaðshlutur móðurfyrirtækjanna og SV-fyrirtækisins, samsetning viðkomandi markaðar og hversu mikil samfylking fyrirtækja á sér stað á viðkomandi sviði,
 - efna- og fjárhagsleg geta móðurfyrirtækjanna og forskotið sem þau kunna að hafa umfram keppinauta sína á viðskipta- eða tæknisviði,
 - hversu nálægt markaðinum starfsemi SV-fyrirtækisins er,
 - hvort starfsemi SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækja þess eru á sama sviði eða samtengdum sviðum,
 - umfang og mikilvægi starfsemi SV-fyrirtækisins miðað við starfsemi móðurfyrirtækjanna,
 - hve miklar hömlur felast í samningum milli viðkomandi fyrirtækja,
 - hve takmarkaður aðgangur þriðja aðila að markaðinum er.
- e) *Samstarfsnet SV-fyrirtækja*
27. Samstarfsnet SV-fyrirtækja geta einkum hamlað samkeppni með því að auka áhrif einstakra SV-fyrirtækja á viðskiptastefnu móðurfyrirtækjanna og markaðsstöðu þriðja aðila. Við mat samkvæmt samkeppnislögum skal taka jafnt tillit til mismunandi uppbyggingar samstarfsneta SV-fyrirtækja og samanlagðra áhrifa núverandi samhliða samstarfsneta.

28. Móðurfyrirtæki sem keppa innbyrðis stofna oft nokkur SV-fyrirtæki sem starfa á sama framleiðslumarkaði en mismunandi landfræðilegum mörkuðum. Til viðbótar þeim samkeppnishömlum sem rekja má nú þegar til hvers SV-fyrirtækis má einnig telja þær sem eru tilkomnar vegna tengsla milli einstakra SV-fyrirtækja. Bönd milli móðurfyrirtækja eru treyst með því að stofna enn fleiri SV-fyrirtæki þannig að samkeppni sem ennþá ríkir þeirra í milli minnkar enn frekar.
29. Það sama gildir þegar móðurfyrirtæki sem keppa innbyrðis stofna nokkur SV-fyrirtæki til að framleiða tengdar vörur sem nota á ásamt öðrum vörum og þau ætla sjálf að vinna eða vörur sem tengjast ekki öðrum vörum og þau dreifa sjálf. Hamlandi áhrif á samkeppni verða enn meiri og víðtækari í slíkum tilvikum. Mestar hömlur eru á samkeppni þegar fyrirtæki í atvinnugrein þar sem um fákeppni er að ræða stofna fjölda SV-fyrirtækja til að framleiða skyldar vörur eða mikið úrval af vörum á millistigi framleiðslu. Þetta á einnig við um þjónustugreinar.
30. Jafnvel þegar fyrirtæki sem eru ekki í innbyrðis samkeppni stofna SV-fyrirtæki sem eitt og sér hamlar ekki samkeppni getur það haft neikvæð áhrif á samkeppni ef það tilheyrir samstarfsneti SV-fyrirtækja sem eitt móðurfyrirtækjanna hefur stofnað á sama framleiðsluviði ásamt ólíkum samstarfsfyrirtækjum, vegna þess að slíkt gæti útilokað, takmarkað eða raskað samkeppni milli SV-fyrirtækjanna⁽¹⁾. Séu hin ólíku samstarfsfyrirtæki í hugsanlegri eða raunverulegri innbyrðis samkeppni hamlar það að auki samkeppni milli þeirra.
31. Samhliða samstarfsnet SV-fyrirtækja, sem taka til ólíkra móðurfyrirtækja, leiða einfaldlega í ljós hversu mikil persónuleg og fjárhagsleg tengsl eru milli fyrirtækja innan sömu atvinnugreinar eða í nokkrum atvinnugreinum. Þau setja, að svo miklu leyti sem þau eru sambærileg við þá samfylkingu sem er til staðar á viðkomandi markaði, sterkan svip á efnahagslífið sem hafa ber í huga við mat á bæði einstökum samstarfsnetum og SV-fyrirtækjum sem mynda þau með tilliti til samkeppni.
- 3. Mat á mikilvægustu gerðum SV-fyrirtækja**
- a) *SV-fyrirtæki milli aðila sem eru ekki í innbyrðis samkeppni*
32. Þessi hópur hefur sjaldan neikvæð áhrif á samkeppni, hvort sem um er að ræða SV-fyrirtæki með takmarkaðan rekstur eða fullgildan. Í fyrra tilvikinu ber einfaldlega að meta hvort samstarf móðurfyrirtækjanna hafi teljandi áhrif á markaðsaðgang þriðja aðila⁽²⁾ Í síðara tilvikinu er lögð áhersla á að meta sömu þætti og spurningin um samkeppnishömlur í viðskiptum milli móðurfyrirtækis og SV-fyrirtækis⁽³⁾ yfirleitt aukaatriði.
33. SV-fyrirtæki sem stofnað er af aðilum sem eru ekki í innbyrðis samkeppni vegna rannsóknar- og þróunarvinnu, framleiðslu eða vörudreifingu, þ.m.t. þjónusta við viðskiptavini, falla samkvæmt meginreglu ekki undir gildissvið 1 mgr. 53. gr. EES-samningsins. Ástæðan fyrir að beita ekki banninu réttlætist af því að frekari kunnátt, vörur og þjónusta sameinast í SV-fyrirtækinu. Þetta er þó háð því skilyrði að enn verði nægilegt rými fyrir aðrar rannsóknar- og þróunarstöðvar, framleiðslueiningar og sölukerfi á sama sviði efnahagslífsins og starfsemi á vegum SV-fyrirtækisins er⁽⁴⁾ Það sama gildir þegar meta á SV-fyrirtæki sem stofnað er í þeim tilgangi að sjá um innkaup fyrir viðskiptamenn úr ólíkum atvinnugreinum. SV-fyrirtæki af því tagi hamla ekki samkeppni á neinn hátt, að því tilskildu að birgjar geti valið um viðskiptamenn nokkurn veginn að vild.
34. SV-fyrirtæki sem framleiða einungis vörur á frum- eða millistigum framleiðslu fyrir móðurfyrirtæki eða sinna vinnslu fyrir eitt eða fleiri móðurfyrirtæki hamla að öllu jöfnu ekki samkeppni. Einungis er unnt að tala um verulega takmarkað svigrúm fyrir þriðja aðila til innkaupa eða sölu, sem er forsenda fyrir því að banninu sé beitt, ef móðurfyrirtækin hafa sterka markaðsstöðu sem kaupandi eða seljandi þeirra vara sem um ræðir.
35. Við mat á SV-fyrirtækjum með fullgildan rekstur er nauðsynlegt að skoða hversu nán tengsl eru milli starfsemi SV-fyrirtækis og móðurfyrirtækja þess. Einnig er mikilvægt að skoða með hvaða hætti starfsemi móðurfyrirtækjanna tengist saman. Ef starfsemi SV-fyrirtækis er á framleiðsluviði sem er á fyrra eða síðar stigi framleiðslu miðað við markað móðurfyrirtækis getur það haft hamlandi áhrif á samkeppni fyrir þriðja aðila hafi samstarfsfyrirtækin sterka markaðsstöðu⁽⁵⁾. Ef markaður SV-fyrirtækis er á fyrra stigi framleiðslu miðað við markað eins af móðurfyrirtækjunum og á síðara stigi framleiðslu miðað við markað annars er SV-fyrirtækið tengiliður milli þessara móðurfyrirtækja og einnig hugsanlega tæki til að sameina lóðrétt starfsemi á mörgum stigum. Slíkt stuðlar að samkeppnishömlum gagnvart þriðja aðila. Hvort það nægir til þess að uppfylla lágmarkskröfur fyrir beitingu 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er einungis unnt að ákveða í hverju tilviki fyrir sig. Ef SV-fyrirtæki og eitt af móðurfyrirtækjunum stunda viðskipti á sama framleiðslumarkaði má telja sennilegt eða óhjákvæmilegt að þau samræmi aðgerðir sínar í markaðsmálum⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ljósþræði, Stjtið. EB nr. L 236, 22.8. 1986, bls.30.

⁽²⁾ Sjá 23., 24. og 25. lið í c-lið 2. mgr. III. kafla hér að framan.

⁽³⁾ Sjá 21. og 22. lið í b-lið 2. mgr. III. kafla hér að framan.

⁽⁴⁾ Sjá 3. og 6. tölul. í II. hluta auglýsingarinnar um samstarf (vitnað til í 4. neðanmálgrein, bls. 5) og gerðinni um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun (vitnað til í 7. neðanmálgrein, bls. 5).

⁽⁵⁾ Sjá ákvarðanir þar sem framkvæmdastjórnin taldi engin neikvæð áhrif vera fyrir hendi: Ákvörðun 86/405/EBE (ljósþræðir), Stjtið. EB nr. L 236, 22.8.1986, bls.30, og í ákvörðun 90/410/EBE (Elopak/Metal Box-Odin), Stjtið. EB nr. L 209, 8.8.1990. bls.15.

⁽⁶⁾ Sjá 22. tölulíð b-liðar 2. mgr. í III. kafla hér að framan og ákvörðun 87/100/EBE (Mitchell Cotts/Sofiltra), Stjtið. EB nr. L 41, 11.2.1987, bls.31.

- b) *SV-fyrirtæki aðila í innbyrðis samkeppni*
36. Greina ber í þessu tilviki þau áhrif sem SV-fyrirtækið hefur á samkeppni milli móðurfyrirtækja og markaðsstöðu þriðja aðila. Sérstaklega er mikilvægt að kanna tengsl milli starfsemi SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækjanna. Ef starfsvið þeirra skarast ekki er ólíklegt að ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildi. Mat á starfsemi SV-fyrirtækja, sem gegna mismunandi hlutverki, með tilliti til samkeppnislaganna leiðir til eftirfarandi niðurstaðna:
37. Starfsemi SV-fyrirtækis á sviði rannsókna og þróunar kann, í undantekningartilvikum, að hamla samkeppni ef það útilokar starfsemi einstaka móðurfyrirtækja á þessu sviði eða séu hömlur á samkeppni móðurfyrirtækja í milli á markaðinum fyrir þær vörur sem samstarfið getur af sér. Um slíkt er venjulega að ræða þegar SV-fyrirtæki hagnýtir sér nýþróaðar eða endurbættar framleiðsluvörur eða vinnsluáðferðir í viðskiptum⁽¹⁾. Ákvarða skal í hverju tilviki fyrir sig hvort hamlandi áhrif á samkeppni milli móðurfyrirtækja og afleiðingar þess fyrir þriðja aðila séu teljandi eða ekki.
38. SV-fyrirtæki sem annast sölu á vörum frá framleiðendum í innbyrðis samkeppni hamla samkeppni milli móðurfyrirtækja að því er sölu varðar og takmarka val kaupenda. Flokka ber slík SV-fyrirtæki með hefðbundnum láréttum einokunarhringjum sem falla undir bannið samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins⁽²⁾, ef þeir hafa teljandi áhrif á markaðinum.
39. SV-fyrirtæki sem annast vöruinnkaup fyrir keppinauta geta skapað þeim hagstæð skilyrði að því er innkaup varðar og takmarkað val birgja. Samstarfið getur einnig leitt til minni verðsamkeppni milli samstarfsfyrirtækja ef þær vörur sem seldar eru í sameiningu eru mikilvægur þáttur í framleiðslu og sölustarfsemi móðurfyrirtækjanna. Þetta á einkum við þegar kaupverð varanna er stór liður í heildarkostnaði varanna sem móðurfyrirtækin dreifa. Hvort ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er beitt fer eftir aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig⁽³⁾.
40. Beita skal sömu meginreglum við mat á starfsemi SV-fyrirtækja sem framleiða vörur á frum- eða millistigi fyrir móðurfyrirtæki sem aftur fullvinna vörurnar og keppa innbyrðis. Ef SV-fyrirtæki annast hins vegar fullvinnslu hrávöru, sem móðurfyrirtæki kaupa inn, eða fullvinnslu hálfunninna vara, sem aftur ganga til móðurfyrirtækjanna, er líklegt að lítil samkeppni verði milli samstarfsfyrirtækjanna sé tekið mið af því hve samstarf þeirra er náð á þeim markaði sem þau starfa á og þeirri tilhneigingu að samræma verð⁽⁴⁾. Þetta á einkum við þegar öll framleiðsla móðurfyrirtækjanna fer fram á vettvangi SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækin takmarka starfsemi sína við dreifingu eingöngu. Þetta leiðir til staðlaðs framleiðslukostnaðar og staðlaðra vörugæða, þannig að í reynd verður eina samkeppnin milli móðurfyrirtækjanna um söluhagnað. Þetta eru verulegar samkeppnishömlur sem móðurfyrirtækin geta ekki bætt úr með því að markaðssetja framleiðsluvörurnar undir ólíkum sérheitum⁽⁵⁾.
41. Taka skal tillit til ólíkra aðstæðna þegar mat á starfsemi SV-fyrirtækis með fullgildan rekstur, sem stofnað er af fyrirtækjum í innbyrðis samkeppni fer fram⁽⁶⁾:
- ef SV-fyrirtækið er á sama markaði og móðurfyrirtæki þess takmarkast samkeppni milli samstarfsfyrirtækja yfirleitt;
 - ef SV-fyrirtækið er á markaði sem er á fyrra eða síðara stigi framleiðslu miðað við markað móðurfyrirtækjanna sem það hefur viðskiptatengsl við verða áhrifin á samkeppni þau sömu og sé um SV-fyrirtæki á framleiðsluviði að ræða;
 - ef SV-fyrirtækið er á markaði sem er nátengdur markaði móðurfyrirtækjanna er einungis um samkeppnishömlur að ræða ef markaðirnir skarast verulega. Þetta á einkum við þegar SV-fyrirtækið framleiðir vörur sem tengdar eru þeim vörum sem móðurfyrirtækin framleiða og nota skal ásamt þeim.
- Samtök ólíkra SV-fyrirtækja eru vel þekkt í viðskiptum, þannig að nauðsynlegt er að fram fari heildarmat á samkeppnishömlum milli samstarfsfyrirtækja og afleiðingum samstarfsins á þriðja aðila. Þar að auki skal taka tillit til annarra efnahagsaðstæðna, einkum tengsla milli SV-fyrirtækis og samstarfsnets SV-fyrirtækja og annarra hugsanlegra samhliða samstarfsneti SV-fyrirtækja innan sömu atvinnugreinar⁽⁷⁾.
42. Jafnvel er skylt að skoða SV-fyrirtæki sem keppinautar stofna og sem yfirleitt falla undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins til að komast að því hvort þau í raun miði að því að útiloka, hamla eða raska samkeppni eða geti leitt til þess. Um slíkt er ekki að ræða ef unnt er að líta hlutlægt á samstarf í formi SV-fyrirtækis sem eina tækifæri móðurfyrirtækjanna til að ná fótfestu á nýjum markaði eða viðhalda markaðsstöðu sinni, að því tilskildu að starfsemi þeirra efli samkeppni eða komi í veg fyrir að úr henni sé dregið. Við þessar aðstæður veikir SV-fyrirtækið hvorki samkeppni né kemur í veg fyrir að henni sé komið á. Bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildir því ekki⁽⁸⁾.

IV. MAT Á GRUNDEVELLI 3. MGR. 53. GR. EES-SAMNINGINS

1. Hópundanþágur

43. SV-fyrirtæki sem falla undir gildissvið 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eru undanþegin banninu ef þau uppfylla skilyrðin um hópundanþágu. Tvær gerðir sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn heimila samstarf milli fyrirtækja innan SV-fyrirtækja, sjá a- og b-lið hér á eftir.

Tvær aðrar gerðir sem vísað er til í XIV. viðauka við EES-samninginn heimila tiltekið takmarkað samkomulag um yfirfærslu tækni frá móðurfyrirtækjum til SV-fyrirtækis, sjá c-lið hér á eftir. Gildissvið þessara hópundanþága verður víkkað til muna, sérstaklega með tilliti til SV-fyrirtækja, með gerð um breytingu á gerðunum sem vísað er til í 5., 6., 7. og 9. lið í XIV. viðauka við EES-samninginn⁽⁹⁾.

a) *Reglugerð um sérhæfingu*

44. Gerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu⁽¹⁰⁾ nær m.a. til samninga þar sem nokkur fyrirtæki fela SV-fyrirtæki, sem þau hafa stofnað, að framleiða tilteknar vörur. Þessi tilfærsla getur verið vegna yfirstandandi eða fyrirhugaðrar framleiðslu. Einungis er heimilt að stofna og hagnýta SV-fyrirtæki um framleiðslu fari samanlagður markaðshlutur samstarfsfyrirtækjanna ekki yfir 20% og samanlögð velta þeirra ekki yfir 1 000 milljónir evrópskra mynteininga (ECU). Samningar milli stærri fyrirtækja, með veltu yfir 1 000 milljónir evrópskra mynteininga, njóta einnig góðs af hópundanþágunni sé tilkynnt um þá eins og krafist er og eftirlitsstofnun EFTA andmælir ekki tilteknum samningi innan sex mánaða. Þessi málsmeðferð gildir ekki fari markaðshlutur yfir hið tilgreinda hámark.

45. Fyrirnefndar reglur gilda einungis um samstarf um framleiðslu. Öll framleiðsla SV-fyrirtækisins skal fara til móðurfyrirtækjanna, þar með taldar vörur á frum- eða millistigi framleiðslu eða fullunnar vörur. Móðurfyrirtækjunum er óheimilt að framleiða samskonar vörur og framleiddar eru á vettvangi SV-fyrirtækisins, en þeim er heimilt að framleiða aðrar vörur á sama framleiðslusviði. Móðurfyrirtækin selja síðan framleiðsluvörur SV-fyrirtækisins og geta hvert og eitt komið fram sem einkaumboðsaðili á tilteknu svæði.

46. Samningar þar sem móðurfyrirtæki fela SV-fyrirtækjum að dreifa samningsvörum falla einnig undir hópundanþáguna, með þrengri skilyrðum þó. Heildarmarkaðshlutur samstarfsfyrirtækjanna skal ekki fara yfir 10%. Í þessu tilviki gildir einnig sá fyrirvari að velta fari ekki yfir 1 000 milljónir evrópskra mynteininga (ECU), en fyrirtæki geta komist hjá honum með því að grípa til málsmeðferðarinnar þar sem leitað er eftir andmælum. Samkvæmt gerðinni hér að framan er viðkomandi fyrirtækjum frjálst að skipuleggja samstarf á sviði framleiðslu og dreifingar. Hún heimilar einnig fyrirtækjum að framleiða vörur hvert í sínu lagi og dreifa samningsvörunum síðan sameiginlega á vettvangi SV-fyrirtækis um sölu, og að sameina framleiðslu og dreifingu í SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur eða að aðskilja framleiðslu og dreifingu með því að stofna SV-fyrirtæki um framleiðslu og annað um sölu. Í stað þess að fela einu SV-fyrirtæki að framleiða og/eða dreifa samningsvörum er einnig unnt að fela það nokkrum þeirra, sem reka starfsemi sína, t.d. á grundvelli einkasamninga, á mismunandi svæðum.

b) *Reglugerð um rannsóknir og þróun*

47. Í gerðinni um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun⁽¹¹⁾ er kveðið á um undanþágu fyrir SV-fyrirtæki sem starfa að rannsóknum og þróun og hagnýta niðurstöðurnar í

(1) Sjá 3. tölu. í II. hluta auglýsingarinnar um samstarf (sem vitnað er til í 4. neðanmálgrein, bls. 5) og gerðina um beitingu 3. mgr. 53. gr. í EES-samningnum gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun (vitnað til í 7. neðanmálgrein, bls. 5).

(2) Sjá eftirfarandi ákvarðanir: NCH, Stjtið. EB nr. L 22, 26.1.1972, bls. 16; Cementregeling voor Nederland, Stjtið. EB nr. L 303, 31.12.1972, bls. 7; Cimbel, Stjtið. EB nr. L 303, 31.12.1972, bls. 24; CSV, Stjtið. EB nr. L 242, 4.9.1978, bls. 15; UIP, Stjtið. EB nr. L 226, 3.8.1989, bls. 25 og Astra, Stjtið. EB nr. L 20, 28.1.1993, bls. 23.

(3) Sjá eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar: Socemas, Stjtið. EB nr. L 201, 12.8.1968, bls. 4; Intergroup, Stjtið. EB nr. L 212, 9.8.1975, bls. 23; National Sulphuric Acid Association I, Stjtið. EB nr. L 260, 3.10.1980, bls.24 og (II) Stjtið. EB nr. L 190, 5.7.1989, bls.25; Filmeinkauf Deutscher Fernsehanstalten, Stjtið. EB nr. L 284, 3.10.1989, bls.36; og IJsselcentrale, Stjtið. EB nr. L 28, 2.2.1991, bls.32.

(4) Sjá auglýsinguna í Exxon/Shell, Stjtið. EB nr. C 92, 2.4.1993, bls.2.

(5) Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/38/EBE (KSB/Goulds/Lowara/ITT), Stjtið. EB nr. L 19, 25.1.1991, bls.25; áhrif sameiginlegrar framleiðslu til takmörkunar á samkeppni eru viðurkennd að meginreglu í gerðinni sem vísað er til í 6. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 417/85).

(6) Sjá einkum eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar: Bayer/Gist-Brocades, Stjtið. EB nr. L 30, 5.2.1976, bls. 13; United Reprocessors and KEWA, Stjtið. EB nr. L 51, 26.2.1976, bls. 7, 15; Vacuum Interrupters I, Stjtið. EB nr. L 48, 19.2.1977, bls. 32, og II, Stjtið. EB nr. L 383, 31.12.1980, bls.1; De Laval/Stork I, Stjtið. EB nr. L 215, 23.8.1977, bls. 11, og II, Stjtið. EB nr. L 59, 4.3.1988, bls.32; GEC/Weir, Stjtið. EB nr. L 327, 20.12.1977, bls. 26; WANO/Schwarzpulver, Stjtið. EB nr. L 322, 16.11.1978, bls. 26; Langenscheidt/Hachette, Stjtið. EB nr. L 39, 11.2.1982, bls. 25; Amersham/Buchler, Stjtið. EB nr. L 314, 10.11.1982, bls. 34; Rockwell/Iveco, Stjtið. EB nr. L 224, 17.8.1983, bls. 19; Carbon Gas Technologie, Stjtið. EB nr. L 376, 31.12.1983, bls. 17; Enichem/ICI, Stjtið. EB nr. L 50, 24.2.1988, bls. 18; Bayer/BP Chemicals, Stjtið. EB nr. L 150, 16.6.1988, bls. 35; Iveco/Ford, Stjtið. EB nr. L 230, 19.8.1988, bls. 39; Alcatel Espace/ANT, Stjtið. EB nr. L 32, 3.2.1990, bls. 19; Konsortium ECR 900, Stjtið. EB nr. L 228, 22.8.1990, bls. 31; Screensport/EBU - Eurosport, Stjtið. EB nr. L 63, 9.3.1991, bls. 32; Eirpage, Stjtið. EB nr. L 306, 7.11.1991, bls. 22; Procter and Gamble/Finaf, Stjtið. EB nr. C 3, 7.1.1992, bls. 2 og Infonet, Stjtið. EB nr. C 7, 11.1.1992, bls. 3.

(7) Sjá 27. til 31. tölu. e-liðar 2. mgr. í III. kafla hér að framan.

(8) Sjá eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar: Alliance des constructeurs français de machines-outils, Stjtið. EB nr. L 201, 12.8.1968, bls.1; SAFCO, Stjtið. EB nr. L 13, 17.1.1972, bls.44; Metaleurop, Stjtið. EB nr. L 179, 12.7.1990, bls.41; Elopak/Metal Box-Odin, Stjtið. EB nr. L 209, 8.8.1990, bls.15; Konsortium ECR 900, Stjtið. EB nr. L 228, 22.8.1990, bls.31.

(9) 5., 6., 7., 9. liður í XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 151/93).

(10) Vitnað til í 6. neðanmálgrein, bls. 5.

(11) Vitnað til í 7. neðanmálgrein, bls. 5.

sameiningu. Með hagnýtingu er átt við framleiðslu nýrra eða bættra vara og notkun nýrra eða bættra framleiðsluáðferða, markaðssetningu vara sem þróaðar hafa verið með rannsóknar- og þróunarvinnu og veitingu nytjaleyfa fyrir framleiðslu, notkun eða dreifingu til þriðja aðila. Undanþágan er háð því skilyrði að sameiginleg rannsóknar- og þróunarvinna leiði til verulegrar tækni- eða efnahagsþróunar og að hún sé skilyrði fyrir framleiðslu nýrra eða bættra vara.

48. Í framannefndri gerð tengist undanþága frá banninu einnig magnbundnum skilyrðum, þ.e. tvöfaldri takmörkun á markaðshlut. Móðurfyrirtækjum, með allt að 20% samanlagðan markaðshlut, er heimilt að starfa saman í SV-fyrirtæki að rannsóknum og þróun, framleiðslu og nytjaleyfisveitingu. Hvers konar samstarf er heimilt samkvæmt gerðinni á sviði rannsókna- og þróunar svo og framleiðslu þar eð engrar sérhæfingar er krafist samkvæmt ákvæðum hennar. Móðurfyrirtækjunum er heimilt að starfa áfram eða hefja starfsemi á sama sviði og SV-fyrirtækið. Þeim er einnig heimilt að ákveða hvernig þau sjálf notfæra sér þá framleiðslukosti sem fyrir hendi eru eða þann möguleika að veita þriðja aðila nytjaleyfi. Með úthlutun samningssvæða geta móðurfyrirtækin varið sig gegn framleiðslu og notkun samningsvaranna af hálfu annarra samstarfsaðila á fráteknum svæðum á samningstímanum; þeim er auk þess heimilt að koma í veg fyrir að aðrir samstarfsaðilar markaðssetji vörurnar með virkum hætti á þessum svæðum í fimm ár eftir að nýju eða bættu vörurnar koma fyrst fram á samningssvæði EES. Ef samstarfsaðilarnir fela hins vegar einu SV-fyrirtæki eða fleiri að dreifa samningsvörunum gildir 10% hámarksmarkaðshlutur um allt samstarf þeirra. Þar eð ekki er kveðið á um hámarksveltu í framannefndri gerð geta öll fyrirtæki notið góðs af hópundanþágunni án tillits til stærðar þeirra.

c) *Reglugerðir um nytjaleyfi vegna einkaleyfa og kunnáttu*

49. Gerðin um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa⁽¹⁾ gildir einnig um slíka samninga sem eru gerðir milli móðurfyrirtækis og SV-fyrirtækis um starfsemi SV-fyrirtækisins. Séu móðurfyrirtækin í innbyrðis samkeppni á markaðinum fyrir samningsvörurnar er einungis unnt að veita hópundanþágu ef markaðshlutur þeirra er innan tiltekinna marka. Hámarkið er 20% ef SV-fyrirtækið starfar eingöngu að framleiðslu en 10% ef það bæði framleiðir og markaðssetur nytjaleyfisvörurnar.
50. Framanefnd gerð heimilar einnig veitingu svæðisbundinna einkaleyfa til framleiðslu og dreifingar til SV-fyrirtækisins, verndun nytjaleyfissvæða SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækja gegn virkri og óvirkri samkeppni frá öðrum samstarfsfyrirtækjum á samningstímanum og verndun samningssvæðis SV-fyrirtækisins gegn öðrum nytjaleyfishöfum. Móðurfyrirtækjum er heimilt að vernda

SV-fyrirtækið gegn virkri dreifingu annarra nytjaleyfishafa samningstímann á enda. Heimilt er að banna beinan innflutning samningsvara frá öðrum nytjaleyfishöfum til nytjaleyfissvæðis SV-fyrirtækisins í fimm ár frá því að vara kemur fyrst fram á samningssvæði EES.

51. Í gerðinni um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga um kunnáttu⁽²⁾ eru svipuð ákvæði nema að svæðisvernd sem gildir milli SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækjanna takmarkast við tíu ára tímabil sem hefst þegar fyrsti samningur um kunnáttu, sem gerður er fyrir svæði innan EES, er undirritaður. Frá þessum tíma er einnig unnt að vernda SV-fyrirtæki gegn virkri samkeppni frá öðrum nytjaleyfishöfum (í tíu ár) og óvirkri samkeppni (í fimm ár).

2. **Sérstakar undanþágur**

a) *Almennt*

52. SV-fyrirtæki sem falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins án þess að uppfylla skilyrði fyrir hópundanþágu samkvæmt reglugerðunum brjóta ekki endilega í bága við lög. Eftirlitsstofnun EFTA getur veitt þeim undanþágu með sérstakri ákvörðun, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin fjögur í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Samkvæmt 4., 5. og 15. gr. II. kafla í bókun 4 í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur II. kafli) er einungis unnt að veita sérstaka undanþágu ef viðkomandi samstarfsfyrirtæki hafa tilkynnt um samninginn, ákvörðunina eða samstilltu aðgerðina, sem er grundvöllur samstarfs þeirra, til eftirlitsstofnunar EFTA. Tiltekna samninga, sem skaða ekki þróun samningsvæðis EES verulega, er óþarft að tilkynna samkvæmt 2. mgr. 4. gr. í II. kafla. Því er unnt að veita þeim undanþágu án þess að tilkynnt sé um þá áður. Sama gildir um einokunarhringi á sviði flutninga í skilningi gerðanna sem vísað er til í 10. og 11. lið í XIV. viðauka, 7. og 11. lið bókunar 21 og 13. lið bókunar 21 í EES-samningnum.

53. Eftirlitsstofnun EFTA ber að athuga á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins:

- hvort SV-fyrirtækið stuðli að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða eflri tækni- eða efnahagsþróun,
- hvort neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af því hlýst,
- hvort hömlur sem ekki eru óhjákvæmilegar til að ná hinum settu markmiðum séu lagðar á móðurfyrirtækin eða SV-fyrirtækið, og
- hvort samstarfið innan SV-fyrirtækisins veiti

hlutaðeigandi fyrirtækjum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirrar vöru eða þjónustu sem um er að ræða.

Einungis er unnt að veita undanþágu frá banninu í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef svar við tveimur fyrri spurningunum er já og nei við síðari tveimur.

b) *Meginreglur sem mat byggist á*

54. Til þess að uppfylla fyrstu tvö skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins verða SV-fyrirtæki að stuðla að verulegum og greinilegum framförum í þágu þriðja aðila, einkum neytenda, sem að minnsta kosti jafngildir hamlandi áhrifum þeirra á samkeppni.

55. Til framfara í þessum skilningi, sem unnt er að keppa að og ná á vettvangi SV-fyrirtækis, má að áliti eftirlitsstofnunar EFTA einkum telja þróun nýrra eða bættra vara og og aðferða sem frumhöfundur markaðssetur sjálfur eða þriðji aðili samkvæmt leyfi. Þá er meginregla að litið sé jákvæðum augum á ráðstafanir til að opna nýja markaði sem leiðir til söluaukningar fyrirtækisins á nýjum svæðum eða útvíkkunar sölusviðs þess með nýjum vörum. Í öllum slíkum tilvikum stuðla viðkomandi fyrirtæki að líflegri samkeppni um leið og þau styrkja grundvöll samningssvæðis EES og samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreinar. Aukning í framleiðslu og sölu getur einnig örvað samkeppni. Á hinn bóginn miðar endurskipulagning á framleiðslu og dreifikerfum frekar að því að takmarka framboð við eftirspurn sem er í rénun eða er stöðnuð. Það leiðir samt sem áður til minni tilkostnaðar sem venjulega kemur neytendum til góða í formi lægra vöruverðs sé virk samkeppni fyrir hendi. Áætlanir um að draga úr framleiðslugetu leiða þó yfirleitt til hærri vöruverðs. Samningar þess efnis fá einungis jákvæðar undirtektir þjóni þeir þeim tilgangi að yfirvinna skipulagsvanda, flýta fyrir því að óarðbærri framleiðslu sé hætt og þannig að koma á samkeppni á ný í náinni framtíð.

56. Samningar sem þjóna því markmiði helst að samræma raunverulega eða hugsanlega samkeppni samstarfsfyrirtækja fá neikvæðar undirtektir eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta á einkum við um verðsamráð, framleiðslu- og sölusamdrátt með kvótum, skiptingu markaða og samningsbundin bönn við eða takmarkanir á fjárfestingum. SV-fyrirtæki sem aðallega eru stofnuð eða rekin í þessum tilgangi eru ekkert annað en dæmigerðir einokunarhringir, en neikvæð áhrif þeirra á samkeppni eru vel þekkt.

57. Meta skal kosti og galla SV-fyrirtækis í víðtæku efnahagslegu tilliti, en á þann hátt er unnt að meta um hvers konar og hve mikinn ávinning eða áhættu er að tefla. Séu móðurfyrirtækin sterk í efnahagslegu og fjárhagslegu tilliti og markaðshlutur þeirra þar að auki stór skal skoða umsókn þeirra um undanþágu all ítarlega. Sama gildir um SV-

fyrirtæki sem styrkja þróngan fákeppnismarkað sem fyrir er eða eru hluti af samstarfsneti SV-fyrirtækja.

58. Eðli samstarfs og tilgangur ræður því fyrst og fremst hvers konar takmarkanir er unnt að samþykka á starfsemi móðurfyrirtækja eða SV-fyrirtækja á grundvelli a-liðar 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í þessu sambandi skiptir mestu hvort samningsbundin takmörk á efnahagsfrelsi samstarfsaðilanna tengjast beint stofnun SV-fyrirtækisins og geti talist ójákvæmileg fyrir starfsemi þess⁽³⁾. Ákvæði b-liðar 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins setja eingöngu ströng takmörk fyrir víðtækum samkeppnishömlum. Samkeppni skal ávallt vera í fullum gangi. Samningar sem setja henni skorður geta ekki notið góðs af einstaka undanþágum. Hér er m.a. átt við SV-fyrirtæki sem öðlast, treysta eða styrkja yfirburðastöðu sína með því að sameina starfsemi móðurfyrirtækjanna.

c) *Mat á mikilvægustu gerðum SV-fyrirtækja*

59. SV-fyrirtæki, sem einungis sinna rannsóknum og þróun og uppfylla ekki skilyrði um hópundanþáguna sem kveðið er á um í gerðinni um beitingu 3. mgr. 53. gr. í EES-samningnum gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun, geta almennt séð þrátt fyrir það hlotið jákvæðar undirtektir⁽⁴⁾. Slíkt samstarf hefur oftast í för með sér umtalsverðan efnahagslegan ávinning án þess að hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Það á einnig við þegar móðurfyrirtæki fela SV-fyrirtækjum þar að auki að veita þriðja aðila nytjaleyfi. Taki SV-fyrirtæki einnig að sér að framleiða vöru sem rannsökuð hefur verið og þróuð í sameiningu skal við mat á undanþágu m.a. leggja til grundvallar meginreglurnar sem gilda um framleiðslu SV-fyrirtækja⁽⁵⁾. SV-fyrirtæki sem eru ábyrg fyrir rannsóknum og þróun, veitingu nytjaleyfa, framleiðslu og dreifingu eru SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur og skulu metin samkvæmt því⁽⁶⁾.

(1) Vítnað til í 8. neðanmálgrein, bls. 5.

(2) Vítnað til í 9. neðanmálgrein, bls. 5.

(3) Sjá 70. tölul. og áfram í 2. mgr. V. kafla hér á eftir.

(4) Vítnað til í 7. neðanmálgrein, bls. 5.

(5) Sjá 62. og 63. tölul. hér á eftir.

(6) Sjá 64. tölul. hér á eftir.

60. SV-fyrirtæki um sölu eru dæmigerðir, láréttir einokunarhringir. Þeir gegna yfirleitt því hlutverki og hafa þau áhrif að þeir samræma söluáætlanir framleiðenda sem keppa innbyrðis. Með því útiloka þeir ekki einungis verðsamkeppni milli móðurfyrirtækjanna heldur takmarka einnig það vörumagn sem samstarfsfyrirtækin afgreiða samkvæmt fyrirkomulagi við úthlutun pantana. Meginreglan er því sú að SV-fyrirtæki um sölu fá neikvæðar undirtektir eftirlitsstofnunar EFTA⁽¹⁾. Hins vegar lítur eftirlitsstofnun EFTA það jákvæðum augum þegar sameiginleg dreifing samningsvara er liður í viðtækri samstarfsáætlun sem ber að veita góð kjör samkvæmt 3. mgr. 53. mgr. EES-samningsins en það er forsenda þess að árangur náist. Skýrustu dæmi þess eru SV-fyrirtæki um sölu sem framleiðendur eiga og sem samið hafa um gagnkvæma sérhæfingu, en vilja bjóða áfram til sölu heilan flokk viðkomandi vöru eða SV-fyrirtæki um sölu sem stofnuð eru til að hagnýta afrakstur sameiginlegrar rannsóknar- og þróunarvinnu, einnig á dreifingarstigi. Í öðrum tilvikum er einungis unnt að búast við undanþágu í sérstökum tilvikum⁽²⁾.

61. SV-fyrirtæki um innkaup gera kleift að auka hagræðingu í pöntunum og nýta betur flutningatæki og geymsluáðstöðu, en leiða um leið til staðlaðs kaupverðs og skilmála og jafnvel til innkaupakvóta. Með því að sameina eftirspurn á vettvangi SV-fyrirtækis geta móðurfyrirtæki haft gífurleg áhrif á markaðinn og raskað samkeppni milli birgja.

Þar af leiðandi vega ókostirnir oft þyngra en hugsanlegur ávinningur sem kann að fylgja SV-fyrirtækjum um innkaup, einkum þeir sem tengjast framleiðendum í innbyrðis samkeppni. Þetta gerir það að verkum að eftirlitsstofnun EFTA veitir einungis undanþágu í undantekningartilvikum og þá eingöngu ef móðurfyrirtækin viðhalda þeim möguleika að kaupa inn hvert fyrir sig⁽³⁾. Engin ákvörðun hefur þó enn verið tekin um mikilvægustu SV-fyrirtæki um innkaup.

62. SV-fyrirtæki um framleiðslu geta þjónað margvíslegum efnahagslegum tilgangi. Oft eru þau stofnuð til að skapa ný færi á að framleiða tilteknar vörur sem móðurfyrirtækin framleiða einnig⁽⁴⁾. Í öðrum tilvikum er þessum SV-fyrirtækjum falið að framleiða nýja vöru í stað móðurfyrirtækjanna⁽⁵⁾. Loks getur SV-fyrirtæki verið falið að sameina framleiðslugetu móðurfyrirtækjanna og að auka hana eða minnka eftir þörfum.

63. SV-fyrirtæki um framleiðslu eru metin vegna undanþáguveitingar á ólíkum forsendum með hliðsjón af mismunandi verkefnum sem þau sinna. SV-fyrirtæki, sem ætlað er að auka framleiðslugetu eða fjölbreytni í framleiðslu, geta ekki einungis stuðlað að því að koma í veg fyrir samhliða fjárfestingar- og þar með lækkað kostnað - heldur einnig örvað samkeppni. Að sameina framleiðslugetu sem fyrir er eða draga úr henni er fyrst og fremst til hagræðingar og yfirleitt varnarráðstöfun. Það liggur ekki alltaf ljóst fyrir að þessar ráðstafanir komi þriðja aðila til góða, einkum neytendum, og skal því rökstyðja þær í hverju tilviki fyrir sig. Ekki er unnt að ákvarða

almennar magntakmarkanir, t.d. í formi hámarksmarkaðshlutar, fyrir SV-fyrirtæki um framleiðslu. Því takmarkaðri sem samkeppni milli móðurfyrirtækjanna er þeim mun meiri áherslu verður að leggja á að viðhalda samkeppni við þriðja aðila. Nota má 20% hámarksmarkaðshlut, eins og um getur í reglugerðunum um hópundanþágu, sem almenna viðmiðun við mat á SV-fyrirtækjum um framleiðslu í einstökum tilvikum.

64. SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur geta, að svo miklu leyti sem þau eru hvorki einokunarhringir sem ákvarða verð, kvóta eða skipta mörkuðum sín á milli né tæki til að samræma fjárfestingarstefnu móðurfyrirtækjanna frekar en nauðsynlegt má telja í einstaka tilviki, átt þátt í að skapa öfluga samkeppni og ber því að veita þeim jákvæða umsögn⁽⁶⁾. Þar sem samstarf felur einnig í sér dreifingu ber eftirlitsstofnun EFTA að gæta þess sérstaklega, við mat á einstökum tilvikum, að það verði hvorki til að skapa markaðsyfirráð né styrkja þau að SV-fyrirtæki sé falið að annast alla starfsemi fyrirtækis um leið og því eru afhent öll föng móðurfyrirtækjanna til ráðstöfunar. Við mat á því hvort SV-fyrirtæki með fullgildan rekstur brjóti í bága við samkeppnislögin skal styðjast við 10% hámarksmarkaðshlut sem mikilvægt viðmið eins og um getur í reglugerðunum um hópundanþágu. Sé markaðshlutarinn minni má vænta þess að áhrif SV-fyrirtækisins í þá veru að útiloka þriðja aðila frá markaðinum og hætta á að aðgangshindranir að markaðinum verði til eða eflist verði innan verjanlegra marka. Fyrirkomulag markaðarins skal þó áfram tryggja virka samkeppni. Fari markaðshlutarinn yfir þau mörk sem eru tilgreind kemur undanþága einungis til álita eftir nákvæma skoðun hvers tilviks fyrir sig.

V. FREKARI HÖMLUR

1. Meginreglur sem mat byggist á

65. Gera verður greinarmun á samkeppnishömlum sem leiða má af stofnun og starfsemi SV-fyrirtækis og viðbótarsamningum sem einir og sér hamla einnig samkeppni með því að takmarka athafnafrelsi samstarfsfyrirtækjanna á markaðinum. Slíkir viðbótarsamningar tengjast annaðhvort beint stofnun og starfsemi SV-fyrirtækis og eru forsenda fyrir starfsemi þess, þannig að ekki er unnt að aðgreina þá frá því án þess að stofna tilveru þess í hættu, eða eru einfaldlega gerðir um leið og stofnað er til SV-fyrirtækis án þess að hafa þessa eiginleika.

66. Nauðsynlegt er að meta viðbótarsamninga, sem tengjast SV-fyrirtæki beint og eru forsenda fyrir starfsemi þess, um leið og SV-fyrirtækið. Samkvæmt samkeppnisreglunum skal fjalla um þá sem frekari hömlur ef vægi þeirra er og verður minna en aðalmarkmið SV-fyrirtækisins. Þegar skera skal úr um hvort hömlur séu „nauðsynlegar“ skal ekki einungis taka tillit til eðlis þeirra, heldur tryggja að varanleiki þeirra, viðfang og landfræðileg mörk séu innan þess sem venjulega telst nauðsynlegt vegna stofnunar og starfsemi SV-fyrirtækisins.

67. Sé SV-fyrirtæki ekki innan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildir það sama um viðbótarsamninga, sem eins og lýst er hér að framan eru SV-fyrirtækinu til stuðnings, jafnvel þótt þeir hamlí samkeppni út af fyrir sig. Sé SV-fyrirtæki hins vegar innan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildir það sama um frekari hömlur. Undanþága frá banninu byggir á sömu meginreglu í báðum tilvikum. Ekki er sérstök þörf á að færa rök fyrir frekari hömlum samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Undanþága gildir yfirleitt jafnlengi fyrir þær og SV-fyrirtækið.
68. Viðbótarsamningar sem ekki eru SV-fyrirtæki til stuðnings eru yfirleitt innan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins jafnvel þó að SV-fyrirtækið sjálf sé það ekki. Til að undanþága á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins fáiast fyrir þá skal sérstakt mat á kostum þeirra og göllum fara fram. Slíkt mat skal óháð mati á starfsemi SV-fyrirtækisins.
69. Með tilliti til þess hversu fjölbreytileg SV-fyrirtæki eru og einnig frekari hömlur sem þeim tengjast er einungis unnt að nefna nokkur dæmi um það hvernig gildandi meginreglum er beitt.
- 2. Mat á tilteknum viðbótarhömlum**
70. Þegar meta skal hvort viðbótarhömlur teljast fylgisamningur skal greina á milli þeirra sem hafa áhrif á starfsemi SV-fyrirtækisins og móðurfyrirtækjanna.
- a) *Hömlur á starfsemi SV-fyrirtækisins*
71. Unnt er að líta á hömlur sem áhrif hafa á SV-fyrirtækið, þær sem þjóna markmiðum þess í raun eins og samningsákvæði um vöruúrval eða framleiðslustað, sem frekari hömlur. Það á ekki við um viðbótarhömlur sem ná út fyrir skilgreint markmið SV-fyrirtækisins, t.d. magn- og verðhömlur og hömlur varðandi viðskiptamenn. Það sama gildir um bann við útflutningi.
72. Þegar stofnun SV-fyrirtækis hefur í för með sér að hafin er ný framleiðsla eða að tækni er færð frá móðurfyrirtæki til SV-fyrirtækis er almennt unnt að líta á þá kvöð á SV-fyrirtækinu, að framleiða hvorki né markaðssetja vörur sem keppa við vörur sem eru framleiddar samkvæmt leyfi, sem frekari hömlur. SV-fyrirtækið skal leitast við að tryggja að nýja framleiðslueiningin skili árangri án þess að svipta móðurfyrirtækin nauðsynlegum yfirráðum yfir nýtingu og útbreiðslu tæknipækningar þeirra⁽⁷⁾.
73. Við ákveðnar aðstæður er unnt að flokka aðrar hömlur á starfsemi SV-fyrirtækis sem frekari hömlur, t.d. samningsákvæði sem takmarka samstarfið við tiltekin landsvæði eða sérstaka nýtingu á þeirri tækni sem er yfirfærð. Líta ber á slíkar takmarkanir sem óhjákvæmilegar afleiðingar þeirrar viðleitni móðurfyrirtækjanna að takmarka samstarfið við tiltekna starfsemi án þess að stofna markmiðum og tilveru SV-fyrirtækisins í hættu⁽⁸⁾.
74. Að lokum, þegar móðurfyrirtæki fela SV-fyrirtæki framleiðslu á tilteknum sviðum eða framleiðslu tiltekinna vara, er einnig unnt að líta á það sem frekari hömlur þegar SV-fyrirtæki er skyldað til að kaupa af móðurfyrirtækjunum eða selja þeim, a.m.k. á meðan starfsemi SV-fyrirtækisins er að komast á legg.
- b) *Hömlur á starfsemi móðurfyrirtækja*
75. Unnt er að líta á hömlur sem koma í veg fyrir að móðurfyrirtæki keppi við SV-fyrirtæki eða sé í virkri samkeppni við það á starfssvæði þess sem frekari hömlur, a.m.k. á meðan starfsemi SV-fyrirtækisins er að komast á legg. Viðbótarhömlur varðandi magn, verð og viðskiptamenn ásamt banni við útflutningi ná greinilega út fyrir það sem nauðsynlegt má telja til að stofna og reka SV-fyrirtæki.
76. Unnt er að líta á landfræðilegar hömlur sem settar voru á móðurfyrirtæki þegar SV-fyrirtæki var veitt einkaleyfi til framleiðslu með tilliti til hagnýtingar á tækni svo og framleiðslumarkaða þar sem bæði SV-fyrirtækið og móðurfyrirtækið áttu eftir að starfa sem viðbótarhömlur.⁽⁹⁾ Veiting einkaleyfisins til SV-fyrirtækisins án tímatakmarkana er unnt að telja óhjákvæmilega fyrir stofnun þess og starfsemi, þ.e. þegar móðurfyrirtækið sem veitti leyfið starfaði ekki á sama sviði eða á sama vörumarkaði og fyrirtækið sem fékk leyfið⁽¹⁰⁾. Þetta á einkum við um SV-fyrirtæki sem takast á hendur nýja starfsemi þar sem móðurfyrirtækin hvorki veita né koma til með að veita samkeppni .

(1) Sjá NCH, Stjtið. EB nr. L 22, 26.1.1972, bls. 16; Cementregeling voor Nederland, Stjtið. EB nr. L 303, 31.12.1972, bls. 7; Cimbel, Stjtið. EB nr. L 303, 31.12.1972, bls. 24; CSV Stjtið. EB nr. L 242, 4.9.1978, bls. 15 og Astra, Stjtið. EB nr. L 20, 28.1.1993, bls. 23.

(2) Sjá ákvörðun 89/467/EBE (UIP), Stjtið. EB nr. L 226, 3.8.1989, bls. 25.

(3) Sjá the National Sulphuric Acid Association, Stjtið. EB nr. L 260, 3.10.1980, bls. 24; Filmeinkauf deutscher Fernsehanstalten, Stjtið. EB nr. L 284, 3.10.1989, bls. 36; IJsselcentrale ákvarðanir, Stjtið. EB nr. L 28, 2.2.1991, bls. 32.

(4) Sjá Exxon/Shell, Stjtið. EB nr. C 92, 2.4.1993, bls. 2.

(5) Sjá KSB/Goulds/Lowara/TTT, Stjtið. EB nr. L 19, 25.1.1991, bls. 25.

(6) Sjá eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar: Amersham/Buchler, Stjtið. EB nr. L 314, 10.11.1982, bls. 34; Rockwell/Iveco, Stjtið. EB nr. L 224, 17.8.1983, bls. 19; Carbon Gas Technologie, Stjtið. EB nr. L 376, 31.12.1983, bls. 17; Enichem/ICI, Stjtið. EB nr. L 50, 24.2.1988, bls. 18; Bayer/BP Chemicals, Stjtið. EB nr. L 150, 16.6.1988, bls. 35; Iveco/Ford, Stjtið. EB nr. L 230, 19.8.1988, bls. 39; Alcatel Espace/ANT, Stjtið. EB nr. L 32, 3.2.1990, bls. 19; Eirpage, Stjtið. EB nr. L 306, 7.11.1991, bls. 22; Bayer/Gist-Brocades, Stjtið. EB nr. L 30, 5.2.1976, bls. 13; United Reprocessors and KEWA, Stjtið. EB nr. L 51, 26.2.1976, bls. 7; Vacuum Interrupters I, Stjtið. EB nr. L 48, 19.2.1977, bls. 32 og II, Stjtið. EB nr. L 383, 31.12.1980, bls. 1; De Laval/Stork I, Stjtið. EB nr. L 215, 23.8.1977, bls. 11 og II, Stjtið. EB nr. L 59, 4.3.1988, bls. 32; GEC/Weir, Stjtið. EB nr. L 327, 20.12.1977, bls. 26; Langenscheidt/Hachette, Stjtið. EB nr. L 39, 11.2.1982, bls. 25; Procter and Gamble/Finaf, Stjtið. EB nr. C 3, 7.1.1992, bls. 2 og INFONET, Stjtið. EB nr. C 7, 11.1.1992, bls. 3.

(7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar Mitchell Cotts/Sofiltra, Stjtið. EB nr. L 41, 11.2.1987, bls. 31.

(8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Elopak/Metal Box-Odin, Stjtið. EB nr. L 209, 8.8.1990, bls. 15.

(9) Sjá Mitchell Cotts/Sofiltra (6. neðanmálsgrein, bls. 9).

(10) Sjá Elopak/Metal Box-Odin (5. neðanmálsgrein, bls. 9).

2. viðauki

Auglýsing frá eftirlitsstofnun EFTA um breytingu á auglýsingu um gerðirnar sem vísað er til í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983) um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup

A. Þessi auglýsing er gefin út samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn).

B. Framkvæmdastjórn EB gaf út auglýsingu um reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 um beitingu 3. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup, sem birtust í Stjttíð. EB nr. C 101, 13.4.1984, bls. 2. Í þessari gerð, sem er ekki bindandi, er að finna meginreglur sem framkvæmdastjórnin fer eftir í samkeppnismálum. Í dómi Evrópudómstólsins í máli C-234/89 „Delimitis/Henninger Bräu” er þess krafist að framkvæmdastjórn EB breyti þessari auglýsingu um beitingu 3. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup með því að gefa út nýja auglýsingu (Stjttíð. EB nr. C 121, 13.5.1992, bls. 2). Eftirlitsstofnun EFTA telur þessar gerðir varða EES.

C. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 12. janúar 1994⁽¹⁾ samsvarandi auglýsingu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES á öllu Evrópska efnahagssvæðinu telur eftirlitsstofnun EFTA að nauðsynlegt sé að breyta auglýsingunni með því að gefa út þessa auglýsingu í krafti þeirrar heimildar sem hún hefur samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Hún hefur í hyggju að fara eftir þeim meginreglum sem settar eru í þessari auglýsingu þegar hún beitir viðeigandi samkeppnisreglum EES í tilteknu máli.

Í auglýsingu eftirlitsstofnunar EFTA um gerðirnar sem vísað er til í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983) um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup komi eftirfarandi hluti aftan við 39. lið og undir fyrirsögninni „V. Bjórsölusamningar”. Liðir 40 til 66. verði 41. til 67. liður. Undirfyrirsagnirnar undir fyrirsögn V verði:

- 2. Skuldbinding um einkakaup
- 3. Aðrar samkeppnishömlur sem eru undanþegnar
- 4. Samningar sem eru útilokaðir frá heildarundanþágu.

1. Minniháttar samningar

40. Minnt er á að í auglýsingu eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga⁽²⁾ er skýrt frá því að eftirlitsstofnun EFTA sé þeirrar skoðunar að samningar milli fyrirtækja falli ekki undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef viðkomandi fyrirtæki uppfylla tiltekin skilyrði að því er varðar markaðshlut og veltu. Því er ljóst að ef ölgerðarfyrirtæki eða heildsali fer yfir mörkin sem eru sett í framangreindri auglýsingu kunna samningar sem ölgerðin eða heildsalinn gerir að falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Auglýsingin gildir hins vegar ekki ef markaðssamkeppnin sem um ræðir er takmörkuð af uppsöfnuðum áhrifum samhliða samstarfsneta sambærilegra samninga sem myndu hver um sig ekki falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef auglýsingin væri í gildi. Þar sem bjórmarkaðir munu oft einkennast af uppsöfnuðum áhrifum ber að ákvarða hvaða samningar kunna þrátt fyrir allt að teljast minniháttar.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að einkabjórólusamningur ölgerðar, í skilningi 6. gr. og þar með talið 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) 1984/83 falli að öllu jöfnu ekki undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef:

- markaðshlutur ölgerðarinnar fer ekki yfir 1% af innanlandsmarkaði fyrir endursölu á bjór á stöðum sem eru notaðir til að selja og neyta drykkjar, og
- ölgerðin framleiðir ekki meira en 200 000 hl af bjór á hvert.

Þó gilda þessar meginreglur ekki ef umræddur samningur nær yfir meira en sjö og hálf ár, að svo miklu leyti sem hann tekur til bjórs og annarra drykkja, og 15 ár ef hann tekur einungis til bjórs.

Við mat á markaðshlut ölgerðarinnar og árlegri framleiðslu hennar gilda ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) 1984/83.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls.13 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15. 18.6.1994, bls.12.

(²) Stjttíð. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15. 18.6.1994, bls.31.

Að því er varðar einkabjórólusamninga í skilningi 6. gr., þ.m.t. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) 1984/83, sem heildsalar gera gilda framannefndar meginreglur að breyttu breytanda, að teknu tilliti til stöðu ölgerðarinnar sem framleiðir bjórinn sem er meginefni viðkomandi samnings.

Þessi orðsending útilokar ekki að í einstökum tilvikum kunna samningar, jafnvel samningar milli fyrirtækja sem

ekki uppfylla framangreind skilyrði, einkum þar sem fjöldi sölustaða sem tengjast þeim er takmarkaður miðað við fjölda sölustaða sem fyrir eru á markaðinum, enn að hafa óveruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila eða á samkeppni og falla því ekki undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Þessi orðsending hefur á engan hátt áhrif á beitingu innlendra laga gagnvart samningum sem þau taka til.

3. viðauki

Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um nánari útlistun á starfsemi milliliða fyrir vélknúin ökutæki

A. Þessi auglýsing er gefin út samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn).

B. Framkvæmdastjórnin gaf út nánari útlistun á starfsemi milliliða fyrir vélknúin ökutæki (Stjtið. EB nr. C 329, 18.12.1991, bls. 20). Í þessari gerð, sem ekki er bindandi, er að finna meginreglur sem framkvæmdastjórnin fer eftir í samkeppnismálum.

C. Eftirlitsstofnun EFTA telur framannefnda gerð varða EES. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES á öllu Evrópska efnahagssvæðinu samþykkir eftirlitsstofnun EFTA þessa auglýsingu í krafti þeirrar heimildar sem hún hefur samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Hún hefur í hyggju að fara eftir meginreglum sem settar eru í þessari auglýsingu þegar hún beitir viðeigandi samkeppnisreglum EES í ákveðnu tilviki.

Þessi auglýsing er til viðbótar auglýsingu⁽¹⁾ sem birtist með gerðinni sem vísað er til í 4. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð nr. 123/85), hér á eftir nefnd „gerðin“, til þess að útlista nánar starfsvið milliliðanna sem um getur í gerðinni. Tengslin milli milliliðar og þess aðila sem hann starfar fyrir eru fyrst og fremst háð samningi þeirra svo og gildandi landslögum og hafa ekki áhrif á réttindi og skuldbindingar þriðja aðila gagnvart samningnum. Í þessari auglýsingu er því ekki getið um allar skuldbindingar milliliðar.

1. Meginreglur

Eftirfarandi leiðbeiningar eru í samræmi við vegin markmið gerðarinnar og grundvallast á tveimur meginreglum. Annars

(¹) Stjtið. EB nr. L 153, 18.6.1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 15, 18.6.1994, bls.19.

vegar þá er milliliðurinn sem um getur í gerðinni sá sem annast þjónustu fyrir hönd kaupanda og endanlegs notanda; hann getur ekki tekið áhættu sem allajafna er tengd eignarhaldi og umbjóðandi, sem unnt er að bera kennsl á, með uppgefið nafn og heimilisfang veitir honum fyrirfram skriflega heimild til að annast slíka starfsemi. Hins vegar er um að ræða meginregluna um gagnsæi heimildarinnar og einkum þá kröfu að samkvæmt landslögum feli milliliður kaupanda í hendur allan ábata af samningunum sem hann gerir fyrir hans hönd.

Í þessu samhengi ber að greina á milli þriggja flokka viðmiðana:

- hvað varðar gildi heimildarinnar og veitingu aðstoðar;
- hvað varðar svigrúm milliliðar til að auglýsa;
- hvað varðar möguleika milliliðar til að birgja upp.

Eftirlitsstofnun EFTA gerir ráð fyrir að eftirfarandi leiðbeiningar og viðmið eigi við þegar fengist er við raunhæfar kröfur. Starfsemi sem er ekki í samræmi við þessar leiðbeiningar og viðmið styrkir þá ályktun, ef sönnun liggur ekki fyrir um hið gagnstæða, að milliliður fari út fyrir takmörkin sem sett eru í 11. mgr. 3. gr. gerðarinnar eða villi um fyrir almenningi, hvað þetta atriði varðar, með því að gefa í skyn að hann sé endurseljandi.

2. Hagnýt viðmið

- Gildi heimildarinnar og aðstoðarþjónustunnar*

Milliliðnum er frjálst að skipuleggja uppbyggingu starfsemi sinnar. Þó getur starfsemi sem tekur til samstarfsnets sjálfstæðra fyrirtækja sem nota sameiginlegt heiti eða annað sameiginleg auðkenni til aðgreiningar gefið ranga mynd af heimiluðu dreifikerfi.

Millilið er heimilt að nota sölustað í sömu byggingu og stórmarkaður ef sölustaðurinn er fyrir utan staðinn þar sem meginstarfsemi stórmarkaðarins fer fram, að því tilskildu að hann fari að meginreglum þessarar tilkynningar.

Þrátt fyrir að milliliður geti ekki tekið á sig áhættu varðandi eignarhald verður hann að hafa frjálsar hendur til að taka áhættu vegna flutninga og geymslu á ökutækinu og lánsáhættu er varðar endanlegan kaupanda vegna fjármögnunar á kaupum í öðru landi. Þjónustan verður að vera veitt þannig að ljóslega komi fram mismunandi þjónusta sem í boði er og greiðslur, og unnt verður að vera að sannreyna þetta með framvísun nákvæmra og tæmandi reikninga til kaupandans.

Milliliður verður að telja nákvæmlega upp fyrir viðskiptamanni í skjali, sem má vera aðskilið skriflegu heimildinni, þá mismunandi þjónustu sem honum stendur til boða og gefa honum kost á að velja þá þjónustu sem honum hentar. Í þessu skjali skal milliliður, ef hann veitir ekki alla þjónustu í tengslum við að koma innfluttu ökutæki í umferð, greina frá því hvaða þjónustu hann veitir ekki.

b) Auglýsingar milliliðar

Milliliður verður að geta auglýst en án þess að hugsanlegir kaupendur villist á honum og endurseljanda. Með fyrirvara um þessa takmörkun ætti hann að geta:

- beint starfsemi sinni og þar með auglýsingum að tilteknu vörumerki eða tiltekinni tegund, að því tilskildu að hann bæti sérstaklega við viðeigandi afsali á réttindum með því að tilgreina að hann sé ekki endurseljandi heldur starfi sem milliliður sem býður fram þjónustu sína,
- veitt allar upplýsingar um hvaða verð hann getur fengið og geri það ljóst að uppgæfið verð sé samkvæmt hans besta mati,
- haft bíla til sýnis sem viðskiptamenn hans hafa keypt með því að nota þjónustu hans, eða sérstaka gerð eða

tegund sem hann getur útvegað þeim, að því tilskildu að hann geri það sérstaklega ljóst og á sýnilegan hátt að hann starfi sem milliliður sem býður fram þjónustu sína en ekki sem endurseljandi og að gerðirnar eða tegundirnar sem hann hefur til sýnis séu ekki til sölu,

- notað öll merki og vöruheiti, í samræmi við gildandi lög, en án þess að almenningur velkist í vafa um þá staðreynd að hann er milliliður en ekki hluti af dreifikerfi hlutaðeigandi framleiðanda eða framleiðenda.

Ef stórmarkaður annast aðskilda starfsemi sem milliliður verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast að kaupendur (endanlegir notendur) velkist í vafa um megin viðskiptastarfsemi hans sem stunduð er undir venjulega merki hans eða auðkenningarmerki.

c) Birgðir milliliðar

Að öllu jöfnu er millilið frjálst að skipuleggja viðskiptatengsl sín við mismunandi dreifiaðila í dreifikerfum mismunandi framleiðenda; þetta má ekki verða til þess að milliliður komi á tengslum við slíka dreifiaðila sem heyra til forréttinda eða brjóta gegn samningsskuldbindingum sem samþykktar eru í samræmi við gerðina, einkum a- og b-lið 8. liðar 3. gr., 9. lið 3. gr. og 3. lið 1. mgr. 4. gr. Einkum verður milliliðurinn að fá birgðir samkvæmt eðlilegum markaðsskilyrðum, og honum er óheimilt:

- að gera kaupskuldbindingarsamninga,
- að taka á móti öðrum en venjubundnum afslætti á markaðinum í landinu þar sem bíllinn er keyptur.

Í þessu samhengi þá gæfi sala eins heimilaðs dreifingaraðila, sem fer yfir 10% af árssölu hans, í gegnum einn millilið til kynna forréttindatengsl sem brjóta gegn frammannefndum greinum.

EFTA-DÓMSTÓLLIN

**Beiðni um ráðgefandi álit, send samkvæmt ákvörðun 94/EES/22/04
tullilautakunta þann 19. apríl 1994, vegna meðferðar máls sem skotið var til nefndarinnar af
Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark vegna ákvörðunar Helsingin
piiritullikamari**

(Mál E-1/94)

Þann 27. apríl 1994 barst EFTA-dómstólnum beiðni um ráðgefandi álit samkvæmt ákvörðun tullilautakunta (Áfrýjunarnefnd finnskra tolyfirvalda) dags. 19. apríl 1994, sem tekin var við meðferð máls sem skotið var til áfrýjunarnefndarinnar af Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark vegna ákvörðunar Helsingin piiritullikamari (tollstjórnarinnar í Helsinki). Óskað er álits um eftirfarandi:

1. Ef áfrýjunarnefnd tolyfirvalda staðfestir þá ákvörðun tollstjórnar, að heimila ekki frjálsa dreifingu innflutts áfengis, nema að fengnu lögmæltu leyfi Oy Alko Ab 1, er þá mögulegt, þegar litið er til lögbundins einkaleyfis Oy Alko Ab til innflutnings áfengis annars vegar og jafnframt hins vegar til þeirra heimilda, sem fyrirtækið hefur lýst sig

reiðubúið að beita til að leyfa innflutning áfengis í söluskyni frá öðrum samningsríkjum, með þeim skilmálum sem það setur, að sú ákvörðun feli ekki í sér magntakmörkun, eða takmörkun sem hefur sömu áhrif, andstætt 11. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?

2. Er lögbundið einkaleyfi sem áður er vísað til andstætt 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?

Ef svo er:

Er ákvæðið nægilega skýrt og óskilyrt til að hafa bein réttaráhrif og er þá hægt að líta svo á að einkaleyfi til innflutnings hafi verið afnumið frá 1. janúar 1994?

**Mál höfðað þann 28. apríl 1994 af
Scottish Salmon Growers Association Limited
(SSGA) gegn eftirlitsstofnun EFTA**

94/EES/22/05

(Mál E-2/94)

Þann 28. apríl 1994 höfðaði Scottish Salmon Growers Association Limited (SSGA), með aðsetur í Perth í Skotlandi, mál fyrir EFTA-dómstólnum gegn eftirlitsstofnun EFTA. Lögræðingar samtakanna við rekstur málsins eru Alastair Sutton, lögmaður og Alasdair R. M. Bell, lögmaður, með birtingarstað á lögmannsskrifstofu Edmond Tavernier, Rue Töpffer 11, CH-1206, Genf.

Kröfur stefnanda eru þær að EFTA-dómstóllinn:

- ógildi ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 24. mars 1994,
- dæmi stefnda til greiðslu málskostnaðar.

Yfirlit um málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi, sem er hlutafélag og starfar í þágu hagsmuna skoskra laxeldisstöðva, telur ranga þá ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA,

að synja um að taka til efnismeðferðar kvörtun stefnanda til stofnunarinnar um brot Konungsríkisins Noregs á ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki, vegna meintra ríkisstyrkja til laxeldis í Noregi. Hin umdeilda ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar er byggð á því að stofnunin sé, samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, ekki bær til fjalla um málið.

Stefnandi heldur því fram að hin umdeilda ákvörðun sé andstæð b-lið 1. mgr. 62. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 5. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, þar sem eftirlitsstofnun EFTA sé eina stofnunin sem sé bær til að fjalla um kvörtunina. Synjun hennar í því efni jafngildi því að stefnanda sé synjað um réttláta málsmeðferð.

Þá heldur stefnandi því fram að stefndi hafi brotið gegn 16. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og þar með gegn 36. gr. EES-samningsins, vegna þess að ákvörðunin sé örökstudd eða rökstuðningur hennar sé ófullnægjandi.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/22/06

(Mál nr. IV/M.486 - Holdercim/Origny-Desvroise)

1. Framkvæmdastjórninni barst 11.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Origny Développement, dótturfyrirtæki Holdercim sem tilheyrir Holderbank samstæðunni, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Origny Desvroise með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Holderbank: sement, tilbúin steinsteypa, korn.
 - Origny Desvroise: sala á byggingarefni, framleiðsla og sala á flísum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB (Stjttíð. EB nr. C 193, 16.7.1994). Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.486 - Holdercim/Origny-Desvroise, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/22/07
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Lúxemborg lagði til til að efla þróun í landbúnaði, ríkisaðstoð nr. N 25/92, Lúxemborg (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 196, 19.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Frakkland veitti Entreprise Minière et Chimique, ríkisaðstoð nr. N 82/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 196, 19.7.1994).

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/22/08

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0115-D	Tilskipun útgefin af þýska samgönguráðuneytinu um að koma á fót, smíða, starfrækja og hafa eftirlit með landstöðvum fyrir talstöðvarumferð í flugfjarskiptaþjónustu og sérstökum búnaði fyrir flugumferðarþjónustu sem flugumferðarstjórnin annast ekki	Lokið
94-0116-F	Drög að fyrirmælum til breytingar á fyrirmælum frá 20. maí 1963 um reglugerðir um framleiðslu, áfyllingu og endurnýjunarpróf á slökkvitækjum	18.8.1994
94-0117-DK	Tæknileg bráðabirgðaákvæði um radióbúnað til notkunar í staðbundnum netkerfum (RLAN)	31.8.1994
94-0118-DK	Tæknileg reglugerð til breytingar á tilkynningu F frá siglingaeftirlitinu	5.9.1994
94-0119-DK	Tæknileg bráðabirgðaákvæði um neyðarbaujusendi með sjálfslæppibúnaði sem gefur upp stöðu í sjávarháská á tíðnunum 406.025 MHZ og 121.5 MHZ (COSPAS-SARSAT EPIRB)	22.8.1994
94-0120-E	Fyrirmæli um að setja reglur í sjálfstjórnarhéraðinu Galísíu um framleiðslu og notkun pólýetýlentanka til geymslu á vörum sem innihalda bensín í „C“-flokki til hitunar en ekki til iðnaðarmota	29.8.1994
94-0121-I	Drög að tæknilegri reglugerð um viðurkenningu á dagsetningu fyrir góða tæknilega notkun á bindi og festiefnum	18.8.1994
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.